

MENNINGARARFUR ÍSLENSKRAR BYGGINGARLISTAR VERNDUN, MIÐLUN OG RANNSÓKNIR

Menningararfur fortíðar - byggingarefni framtíðar

SKÝRSLA STARFSHÓPS Á VEGUM
MENNINGAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIS
7. NÓVEMBER 2024

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
Menningararfur byggingarlistar	6
Sérstaða menningararfs arkitektúrs á Íslandi	7
Miðstöðvar, söfn og safndeildir á sviði byggingarlistar	8
Byggingarlistasöfn og -miðstöðvar á Norðurlöndum	9
Byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur 1993-2011	10
Miðstöð hönnunar og arkitektúrs	11
Arkitektafélag Íslands	11
Listgreinin sem á sér engan samastað	12
2. Þáttur byggingarlistar í opinberri stjórnsýslu.....	13
Menningarstefna í mannvirkjagerð	13
Hönnunarstefna.....	14
Verðmætasköpun sem byggir á hönnun og arkitektúr	14
Hönnun sem breytingarafl	15
Menntun framsækinna kynslóða	17
Kynning á íslenskri hönnun og arkitektúr	17
Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi.....	17
Stefna um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi	18
3. Varðveisla	19
Safneign byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur.....	19
Þjóðskjalasafn Íslands.....	20
Hönnunarsafn Íslands.....	20
Þjóðminjasafn Íslands	21
Varðveisla handverksþekkingar	22
Borgarsögusafn Reykjavíkur, byggðasöfn, Fornverkaskólinn, Íslenski bærinn	22
Söfnun og skráning munnlegra heimilda um íslenskan arkitektúr	24
Varðveisla bóka og prentaðra heimilda	24
Áskoranir	24
Sviðsmyndir	25
4. Rannsóknir	26
Inngangur.....	26

Skilgreiningar	27
Núverandi rannsóknarlandslag.....	27
Akademískar rannsóknir	27
Stofnanarannsóknir	28
Rannsóknir sjálfstæðra fræðimanna og fyrirtækja	28
Sjóðir sem styrkja rannsóknir sem tengjast arkitektúr:.....	28
Sérstaða Listaháskóla Íslands, tækifæri og takmarkanir.	30
Mikilvægi.....	30
Áskoranir	30
Sviðsmyndir	31
5. Miðlun	32
Inngangur.....	32
Miðlun til íslensks almennings	32
Fræðsla og miðlun í skólum.....	32
Vettvangar miðlunar	35
Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (MHA).....	35
Arkitektafélag Íslands	35
Sýningar og viðburðir á vegum safna	36
Miðlun í sjónvarpi og útvarpi.....	36
Stafrænir miðlar	37
Alþjóðleg miðlun og samstarf	37
Tengiliður vegna erlendra miðlunarverkefna á sviði arkitektúrs	38
Erlent samstarf og kynning.....	39
Samstarf við erlend arkitektasöfn og miðstöðvar.....	40
Miðlun þekkingar um íslenskan arkitektúr á netinu og á prenti.....	40
Hver svarar tilfallandi fyrirspurnum um íslenskan arkitektúr?	40
Mikilvægi.....	40
Áskoranir	41
Sviðsmyndir	41
6. Hvar á menningararfur byggingarlistar heima?	43
Inngangur.....	43
Sjálfstætt safn / miðstöð á sviði arkitektúrs	44

Arkitektúr sem hluti af Hönnunarsafni Íslands	44
Arkitektúr sem hluti af Listasafni Íslands	44
Arkitektúrsafn sem hluti af Þjóðminjasafni Íslands	45
Arkitektúr verði veigameiri í starfsemi Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs	45
Miðstöð fyrir samstarf ólíkra stofnana.....	46
7. Samantekt.....	47

1. Inngangur

Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra skipaði í febrúar 2024 starfshóp til að vinna þarfagreiningu í skýrsluformi fyrir sem miðlar valkostum og forgangsörðun verkefna sem stuðla að verndun, miðlun og rannsóknum á menningararfi íslenskrar byggingarlistar,¹ umfjöllun um þörf fyrir varðveislu frumgagna, rannsóknþörf og þróun rannsóknaumhverfis og miðlunarleiðir.

Skipun starfshópsins er liður í stefnumörkun stjórnvalda í hönnun og arkitektúr til ársins 2030: *Útlínur framtíðar - Hönnunarstefna 2030*, sem kom út árið 2023. Verkefni hópsins er að meta valkosti fyrir verndun, miðlun og rannsóknir á menningararfi íslensks arkitektúrs með hliðsjón af stefnunni *Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi*, sem er liður í langtímaáætlun stjórnvalda um verndun og varðveislu menningarminja. Niðurstaða hópsins er sett fram í formi þarfagreiningar sem ætlunin er að fari í opið samráðsferli. Ábyrgð á vinnu hópsins er hjá Menningar- og viðskiptaráðuneyti. Samstarfsaðilar eru: Minjastofnun Íslands, Hönnunarsafn Íslands, Listaháskóli Íslands og Arkitektafélag Íslands.

Starfshópurinn var þannig skipaður :

Pétur H. Ármannsson, skipaður af Minjastofnun Íslands, formaður skv. ákv. ráðherra.

Anna María Bogadóttir, skipuð af Hönnunarsafni Íslands

Birta Fróðadóttir, skipuð af Arkitektafélagi Íslands

Óskar Örn Arnórsson, skipaður af Listaháskóla Íslands

Í samræmi við starfsáætlun ráðuneytis skilaði starfshópurinn minnisblaði með verk- og tímaáætlun þann 16. maí 2024. Miðað var við að starfshópurinn lyki störfum fyrir 1. nóvember 2024 og að vinna hópsins yrði kynnt í *Samráðsgátt stjórnvalda* í beinu framhaldi. Auk vinnufunda hópsins á tímabilinu 5. mars til 1. nóvember 2024 hafa fulltrúar hópsins aflað upplýsinga og gagna innanlands og erlendis auk þess að taka viðtöl við forstöðumenn stofnana og félaga sem tengjast viðfangsefni hópsins.

Skýrsla hópsins skiptist í tvo efnisþætti. Annars vegar er greining á sérstöðu menningararfs arkitektúrs og stöðu málaflokksins hér á landi á vettvangi opinberrar stjórnsýslu (2. kafli), varðveislu (3. kafli), rannsókna (4. kafli) og miðlunar (5. kafli). Hins vegar eru reifaðir valkostir um hvernig standa meggi að varðveislu menningararfs arkitektúrs innan eða utan núverandi stofnana- og safnaumhverfis. Jafnframt er lagt mat á kosti og galla mismunandi sviðsmynda (6. kafli).

¹ Í skýrslunni eru orðin *arkitektúr* og *byggingarlist* notuð jöfnum höndum fyrir sama hugtakið.

Menningararfur byggingarlistar

Menningararfur er margrætt hugtak sem vísar bæði til heimilda um fortíðina og til túlkunar heimilda um fortíðina. Hugtakið var innleitt á heimsvísu um miðja síðustu öld og í alþjóðasamningum sem gerðir hafa verið fyrir atbeina UNESCO og miða að verndun byggingararfs heimsins er hugtakið skilgreint sem heimildir um fortíðina²

Menningararfur byggingarlistar á sér þrenns konar birtingarmyndir :

Í fyrsta lagi opinberast hann í hinu manngerða umhverfi í víðasta skilningi: byggingum, innréttingum, borgarskipulagi, tæknilegum innviðum og umhverfismótun frá ólíkum tímaskeiðum, sem eru áþreifanlegur vitnisburður um listrænt framlag þeirra sem mannvirkin hönnuðu og reistu. Í þessum flokki eru m.a. hús og mannvirki á safnasvæðum, auk manngerðra hella og leifa bygginga sem falla undir lög um fornminjar.

Í öðru lagi birtist arkitektúr sem óáþreifanlegur menningararfur, þ.e. í formi sérhæfðar og svæðisbundinnar verkkunnáttu og efnisnotkunar sem er mikilvægur þáttur í verndun og viðhaldi sögulegra bygginga og varðveislu staðbundinna sérkenna í arkitektúr. Sem dæmi úr íslenskri byggingarhefð má nefna verklag við hleðslu torfveggja, frágang bárujárns á ytra borði timburhúsa og steiningu steyptra útveggja.

Í þriðja lagi er margvísleg gögn, heimildir og hlutir sem varpa ljósi á mótun og tilurð hins manngerða umhverfis og listrænt framlag þeirra einstaklinga sem þar koma við sögu. Um er að ræða gögn sem liggja til grundvallar rannsóknum og miðlun á menningararfi arkitektúrs og mynda grunn að safnkosti sérhæfðra safna á sviði byggingarlistar. Dæmi um slík gögn eru:

Uppdrættir að byggingum, innréttingum og skipulagi
Líkön að byggingum, innréttingum og skipulagi
Ritaðar heimildir (verklýsingar, bréfaskipti, samningar, samkeppnisgögn o.fl.)
Textar arkitekta um eigin hugmyndir og aðferðir
Munir tengdir störfum arkitekta, teikniáhöld
Stakir byggingarhlutar með sérstakt varðveislugildi
Ljósmyndir af byggingum, borgarskipulagi og umhverfismótun
Skrásettar munnlegar heimildir um störf arkitekta
Rannsóknir og uppmælingar af byggingum
Niðurstöður fornleifarannsókna
Stafræn líkön, þrívíddarskönnun
Skipulagsáætlanir, áætlanir stjórnvalda, lög og reglugerðir

² Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, "Menningararfur með strípur : varðveisla eða miðlun?" *Ritið* 8:1(2008), bls. 7.

Um varðveislu menningararfs arkitektúrs í hinu manngerða umhverfi er fjallað um í lögum um menningarminjar nr. 80/2012, m.a. í VII. kafla: “Verndun húsa og mannvirkja.” Þá er “viðhald þekkingar á handverki” sem þáttur í óáþreifanlegum menningararfi einn af fimm meginmarkmiðum í stefnu stjórnvalda um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi. Í ljósi þess hefur starfshópurinn í vinnu sinni lagt áherslu á 3. lið í ofangreindri upptalningu, þ.e. varðveislu gagna, heimilda og hluta sem varpa ljósi á mótun og tilurð hins manngerða umhverfis sem liggja til grundvallar á rannsóknum og miðlun á menningararfi arkitektúrs.

Sérstaða menningararfs arkitektúrs á Íslandi

Byggingarlist (arkitektúr) er ein af undirstöðugreinum sjónlista og meginstöð í menningu ásamt tónlist, myndlist, sviðslistum, bókmenntum og kvikmyndalist. Hið byggða endurspeglar sögu og menningu ólíkra tímaskeiða og veitir áþreifanlega tengingu nýrra kynslóða við uppruna sinn. Byggingarlist er mikilvægur þáttur í sjálfsmynd hvernar þjóðar sem gegnir veigamiklu hlutverki sem aðdráttarafl í ferðamennsku um allan heim. Sérstaða íslenskrar byggingarlistar liggur ekki bara í útliti hennar heldur samspili hennar með gæðum landsins, bæði í fagurfræðilegum og byggingareðlisfræðilegum skilningi: annars vegar fagurfræðilegu samspili með landslaginu og hins vegar samspili með höfuðáttum og veðurfari, gróðurfari og efnisframboði, vatnabúskap og jarðfræði.

Arfleifð arkitektúrs á Íslandi er sérstök þar sem húsakostur þjóðarinnar var öldum saman nær eingöngu reistur úr forgengilegu efni, tré og torfi. Engar heilar byggingar hafa varðveist frá upphafi byggðar og fram á 18. öld. Einungis fornleifar í jörðu og ritaðar heimildir gefa vísbendingu um húsagerð þessa tímaskeiðs. Elstu varðveittu hús sem enn standa eru frá miðhluta 18. aldar, innflutt timburhús á verslunarstöðum og fyrstu hlöðnu steinhúsin sem reist voru hér á landi.

Enda þótt byggingararfur Íslendinga kunni við fyrstu sýn að virðast fábrotinn í samanburði við önnur lönd er saga hans engu að síður áhugaverð og merk. Þar ber fyrst að nefna torfhúsahefðina sem þróaðist hér á landi allt frá landnámi og fram á 20. öld. Íslensku torfhúsin eru einstök í alþjóðlegu samhengi sem dæmi um staðbundna byggingarhefð (e: vernacular architecture). Sú sérhæfða handverksþekking í hleðslu torfveggja og byggingu torfhúsa sem varðveist hefur á Íslandi á sér ekki beina hliðstæðu í nálægum löndum. Hin lifandi handverksþekking er því fyrst og fremst til staðar á Íslandi. Nágrannaþjóðir sem einnig reistu torfhús hafa glatað sambærilegri þekkingu. Sem óáþreifanlegur menningararfur hefur handverksþekkingin og handverkið sjálft gildi á heimsvísu og því er það á ábyrgð Íslendinga að viðhalda því og forða frá glötun.

Fyrstu fagmenntuðu arkitektarnir komu til starfa hér á landi snemma á tuttugustu öld þegar í hönd fór eitt mesta uppbyggingarskeið í þjóðarsögunni. Til sögunnar kom nýtt efni til varanlegrar húsagerðar, steinsteypa, sem skapaði nýjar forsendur í byggingarlist og tækni. Húsameistarar og handverksmenn tileinkuðu sér hið nýja efni og urðu mikilvægir gerendur í nútímavæðingu samfélagsins. Menningararfur byggingarlistar á tuttugustu öld vitnar um framfarir og bætt lífskjör þjóðarinnar, vitnisburður um nýfengið sjálfstæði hennar í efnahagslegu, tæknilegu og menningarlegu tilliti. Á þessu tímabili hafa

risið merkar nútímabyggingar hér á landi sem standast samjöfnuð við það sem best er gert í öðrum löndum. Fátt hefur verið gert til að halda þeim arfi á lofti og íslenskur samtímaarkitektúr er nánast óþekktur í öðrum löndum.

Langt fram eftir 20. öld var vitund um sögulegan byggingarlistararf á Íslandi takmörkuð. Sú skoðun var viðtekin að hér væri fátt merkilegt að finna á sviði húsagerðar. Vitundarvakning hófst á 7. áratug aldarinnar í kjölfar þess að Hörður Ágústsson listmálari hóf skipulegar rannsóknir á íslenskri byggingarlist með stuðningi Vísindasjóðs. Þorsteinn Gunnarsson, fyrsti íslenski arkitektinn með sérmenntun í endurgerð gamalla bygginga, kom til starfa árið 1967. Farið var að vinna húsakannanir í þéttbýli og í þjóðminjalögum frá 1969 voru í fyrsta sinn ákvæði um friðun húsa og mannvirkja. Barátta ungs fólks af 68 kynslóðinni fyrir varðveislu Bernhöftstorfunnar og Grjótaþorps á 8. áratugnum var til vitnis um breytt viðhorf til eldri byggingararfs þjóðarinnar, arfleifð torf- og timburhúsa.

Undir lok tuttugustu aldar tók athygli að beinast að yngri byggingum og verkum frumherjanna í stétt arkitekta með vaxandi vitund um framlag stéttarinnar til íslenskrar list- og verkmenningar. Í upphafi 21. aldar hófst kennsla í arkitektúr á bakkalárstigi við Listaháskóla Íslands og áratug síðar á meistarastigi. Nýjar kynslóðir arkitekta geta því komist í kynni við staðbundinn byggingararf, efni, sögu og samhengi frá fyrstu stigum námsins og haldið áfram á meistarastigi, þótt val um nám í erlendum arkitektaskólum standi áfram til boða. Alþjóðlega er verulega augin áhersla á menningararf byggingarlistar í arkitektaskólum og hjá vaxandi hópi arkitekta. Loftlagsáskoranir er ein ástæða fyrir þessari þróun, áskoranir sem krefjast nýrra viðmiða, nýrra aðferða og nýrrar fagurfræði í fagi arkitektúrs og byggingariðnaði. Hið þegar byggða; staðbundin efni, arfur, handverk, saga og þekking eru því ekki lengur á jaðrinum eða bundin við fortíðina heldur er það miðlæg uppspretta framþróunar í faginu.

Miðstöðvar, söfn og safndeildir á sviði byggingarlistar

Sérhæfð söfn og safndeildir helgaðar byggingarlist eru mikilvægur þáttur í safnaflóru flestra þjóða. Slík söfn eru eins ólík og löndin eru mörg og starfsemin mótuð af aðstæðum á hverjum stað. Flest byggja þau starf sitt á þeirri forsendu að arkitektúr sé ekki sérsvið fárra útvalinna heldur mikilvæg grein menningar og lista sem skipti máli fyrir samfélagið í heild.

Hugmyndir um almenningafræðslu um byggingarlist má rekja aftur til ritverka rómverska arkitektsins Vitruviusar sem uppi var á fyrstu öld fyrir Krist. Áhugi á arkitektúr óx mjög með upplýsingastefnunni á 18. öld. Í kjölfar frönsku stjórnarbyltingarinnar var efnt til opinberra sýninga á húsateikningum, líkönum og byggingarhlutum, almenningi til fróðleiks. Fyrsta eiginlega byggingarlistarsafnið, Royal Architectural Museum, opnaði í eigin húsakynnum í London árið 1869.

Til eru alþjóðasamtök byggingarlistasafna (ICAM: International Confederation of Architecture Museums, sjá : <https://icam-web.org>). Söfn með stofnanaaðild að ICAM eru alls 81, þar af eru 60 í Evrópu, 13 í Norður- Ameríku, 1 í Afríku og 7 í Asíu/Eyjaálfu. Á heimasíðu ICAM : <http://www.icam-web.org/> er verksvið aðildarsafna ICAM skilgreint í fimm liðum: 1) varðveita frumteikningar, líkön og önnur gögn á sviði byggingarlistar, 2) stuðla að bættri mótun umhverfis og varðveislu byggingararfsins, 3) sinna rannsóknum á

sögu byggingarlistar og tengslum hennar við arkitektúr í samtímanum, 4) auka almenna vitund um gildi byggingarlistar, 5) miðla sérþekkingu og veita sérhæfða ráðgjöf. ICAM er aðili að ICOM (International Council of Museum) og tengist jafnframt ICA (International Council of Archives). Söfn innan ICAM eiga sér ólíka sögu og áherslur í söfnun og sýningarhaldi eru mismunandi. Sum voru stofnuð gagnert til að kynna byggingarlist viðkomandi lands á alþjóðlegum vettvangi á meðan önnur hafa lagt aðaláherslu á almenningafræðslu á sínu heimasvæði.

Byggingarlistasöfn og -miðstöðvar á Norðurlöndum

Á Norðurlöndum eru nú starfandi fimm aðildarsöfn ICAM. Söfnin eru starfrækt undir ólíkum ráðuneytum í hverju landi og eftir ólíkum rekstrarformum. Auk safnastofnana, eru einnig þess starfræktar miðstöðvar á sviði byggingarlistar. Þær sinna miðlun arkitektúrs með margvíslegum hætti eins og upplýsingagjöf, sýningum, fræðslustarfi, fyrirlestrum, málþingum, skoðunarferðum, rekstri fagbókabúða, veitingu viðurkenninga og samstarfi um tímabundin verkefni:

Danmörk: *Danish Architecture Centre (DAC)* í Kaupmannahöfn er aðili að ICAM. Það er rekið sem stofnun (e. foundation) af einkaaðila, *Realдания*, með fjárhagslegum stuðningi frá danska ríkinu og aðkomu fjögurra ráðuneyta. DAC leggur áherslu á að sinna arkitektúr samtímans með það að markmiði að höfða til ólíkra hópa innanlands sem erlendis og skapa umræðu um arkitektúr, hönnun og skipulag með sýningum, leiðsögnum, viðburðum, námskeiðum. *Kunstabiblioteket* í Kaupmannahöfn varðveitir teikningar, líkón og önnur frumgögn arkitektúrs.

Svíþjóð: *ArkDes* í Skeppsholmen í Stokkhólmi er aðildarsafn ICAM. Það er í senn miðstöð og safnastofnun á sviði arkitektúrs og hönnunar. ArkDes deilir þjónustupáttum og aðstöðu með nútímalistasafni Svíþjóðar, Moderna Museet, í samtengdri byggingu.

Finnland: *Archinfo* í Helsinki Finnlandi var stofnað árið 2013 sem eitt af átta miðstöðvum á sviði lista sem styrktar eru af menningarráðuneyti Finnlands. Fimm félög og stofnanir koma að rekstri Archinfo: the Finnish Association of Architects (SAFA), Foundation for the Museum of Finnish Architecture, Association of Finnish Architects' Offices (ATL), Building Information Foundation (RTS) and Alvar Aalto Foundation. Markmið með starfsemi Archinfo er þríþætt: að auka vitund um byggingarlist í Finnlandi, að kynna finnskan arkitektúr á alþjóðavettvangi og að efla vægi arkitektúrs í samfélaginu. Tvö aðilarsöfn ICAM eru starfandi í Finnlandi, *Alvar Aalto Foundation* og *Museum of Finnish Architecture*.

Noregur: *The National Museum of Art, Design and Architecture* í Osló er aðildarsafn ICAM. Auk þess er starfrækt öflug miðstöð á sviði hönnunar og arkitektúrs, Design og arkitektur Norge (DOGA), rekið á fjárlögum frá ríkinu. DOGA leitast við að tengja saman fyrirtæki, hönnuði, arkitekta og opinbera aðila með það að markmiði að auka vægi arkitektúrs í samfélaginu.

Ísland: *Byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur* sem starfaði á árunum 1993-2011 tók á sínum tíma virkan þátt í starfi með undirdeild hinna norrænu aðildarsafna, ICAM-Nord, meðal annars í tengslum við sýningar á norrænni byggingarlist í sýningarskála Norðurlanda í Feneyjum. Frá því Byggingarlistardeildin var lögð niður hefur engin íslensk stofnun átt aðild að ICAM og Ísland því ekki tekið þátt í samstarfi alþjóðasamtaka byggingarlistasafna eins og flest lönd í Evrópu og öll hin Norðurlöndin.

Byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur 1993-2011

Hér á landi var starfrækt byggingarlistardeild við Listasafn Reykjavíkur á árunum 1993 til 2011. Deildin sinnti rannsóknum, varðveislu og miðlun byggingarlistar sem listgreinar á líkan hátt og byggingarlistarsöfnin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Ákvörðun um stofnun deildarinnar var tekin snemma árs 1993 og var tillagan samþykkt í menningarmálanefnd Reykjavíkur þann 26. mars 1993.³ Hugmyndin var afrakstur stefnumótunarvinnu innan listasafnsins, þar sem auk almennrar listaverkæignar og verkum á opinberum svæðum var áhersla lögð á uppbyggingu sérsafna á verkum einstakra listamanna og á afmörkuðum sviðum sjónlista.

Hlutverk Byggingarlistardeildar var í upphafi tvíþætt. Annars vegar gagna- og heimildasöfnun um íslenskra byggingarlist með sérstaka áherslu á 20. öldina og verk íslenskra arkitekta. Hins vegar almenn þekkingarmiðlun um byggingarlist með sýningarhaldi, útgáfustarfsemi, fyrirlestrum og kynnisferðum. Eitt, fast stöðugildi var við deildina fyrir sérfræðing með háskólamenntun í sögu byggingarlistar. Auk þess var starfsfólk ráðið tímabundið til afmarkaðra verkefna á sviði skráningar og sýningagerðar.

Sú hugmynd að sinna byggingarlist í sérhæfðri deild innan listasafns fremur en í sjálfstæðu safni átti sér fyrirmynd í erlendum söfnum á borð við Louisiana Museum of Art í Danmörku, Museum of Modern Art í New York, Centre Pompidou í París og Victoria and Albert Museum í London. Með því að sýna myndlist, hönnun og arkitektúr hlið við hlið í sama safni er áhersla lögð á hinn sameiginlega grunn mismunandi greina sjónlista, tengslin á milli þeirra og hlut listsköpunar í mótun umhverfis í víðasta skilningi.

Á árunum 1993 til 2009 stóð byggingarlistardeild fyrir 21 sýningu á sviði arkitektúrs og hönnunar sem mæltust vel fyrir og voru fjölsóttar. Nokkrar þessara sýninga byggðu á viðamikilli rannsóknar- og undirbúningsvinnu sem unnin var innan vébanda deildarinnar. Eru þá ótaldir aðrir viðburðir tengdum miðlun á arkitektúr, svo sem fyrirlestrar, leiðsagnir um borgina og útgáfur af ýmsu tagi. Árið 2011 sá Listasafn Reykjavíkur sig tilneytt að segja upp deildarstjóra byggingarlistardeildar sem hefur verið í hlutastarfi deildarstjóra undanfarin ár. Sú ákvörðun var tekin til að mæta kröfum borgaryfirvalda um víðtækan niðurskurð hjá borgarstofnunum. Ákvörðunin olli óvissu um framtíð deildarinnar og þeirrar safneignar er undir hana heyrði. Um var að ræða eina launaða starfið hér á landi á sviði almenningsfræðslu, kynningar og rannsókna á síðari tíma íslenskri byggingarlist.

Skömmu eftir að byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur hætti starfsemi árið 2011 fór Hafþór Yngvason safnstjóri Péttri H. Ármannssyni að vinna greinargerð um tilurð

³ *Tíminn*, 26. mars 1993, bls 1.

deildarinnar, stöðu hennar og framtíð, sem og ráðstöfum safnkosts.⁴ Frá upphafi var byggingarlistardeildin hluti af stofnun á vegum sveitarfélags og rekstur hennar alfarið kostaður úr borgarsjóði. Starfsemin naut ekki fjárstuðnings frá ríkinu enda þótt rannsóknar- og söfnunarsvið deildarinnar snerti landið allt og hún væri eina safnastofnunin sem sérhæfði sig í varðveislu, rannsóknum og miðlun á menningararfi íslensks arkitektúrs. Sú ákvörðun stjórnenda Listasafns Reykjavíkur að leggja niður starfsemi byggingarlistardeildar og sundra safneign hennar var mikið áfall fyrir byggingarlistina í landinu. Ekki síður var það áfall fyrir greinina að opinber yfirvöld menningarmála og söfn á vegum ríkisins skyldu ekki tryggja framhald á starfsemi deildarinnar, annað hvort sem sjálfstæða einingu eða sem hluta af annarri stofnun.

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (MHA), áður *Hönnunarmiðstöð*, var komið á fót árið 2008 til þess að efla íslenska hönnun og arkitektúr sem listgreinar og grundvöll þeirra til atvinnusköpunar. MHA er beintengd grasrót og atvinnulífi hönnunargreina en hún er í eigu níu fagfélaga með alls 1500 félaga sem reka miðstöðina með stuðningi stjórnvalda í gegnum menningar- og viðskiptaráðuneytið. Samkvæmt samningi við stjórnvöld starfar miðstöðin að því að „efla íslenska hönnun og arkitektúr sem listgreinar og grundvöll þeirra til atvinnusköpunar; efla samstarf milli fagaðila, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda; efla menntun og rannsóknir á sviði hönnunar og arkitektúrs; tryggja framgang stefnu málefna sviðs stjórnvalda sem snúa að nýsköpun, rannsóknum, þekkingargreinum, samkeppnum og menningarsjóðum.“ Miðstöðin sinnir mikilvægu hlutverki m.t.t. framgangs málefna sviðs hönnunar og arkitektúrs stjórnsýslulega. Miðstöðin hefur meðal annars umsjón með starfsemi *Hönnunarsjóðs Íslands*, og hefur átt frumkvæði að og stýrir *Hönnunarverðlaunum Íslands* og *Hönnunarmars*. Þetta eru mikilvægir vettvangar sem snerta á menningararfi byggingarlistar og miða að eflingu faggreinarinnar og miðlun til almennings. Hins vegar er það ekki skilgreint hlutverk MHA að vinna sérstaklega að framgangi menningararfs byggingarlistar með rannsóknum, varðveislu og miðlun, og miðstöðin er ekki með sérhæft stöðugildi á sviði byggingarlistar.

Arkitektafélag Íslands

Arkitektafélag Íslands hefur frá stofnun Byggingarmeistarafélags Íslands árið 1926 haft það að markmiði að stuðla að góðum arkitektúr, efla samvinnu félagsmanna og standa vörð um hagsmuni þeirra. Félagið hefur á þessari tæpu öld átt mikilvægan þátt í miðlun, útgáfu og sýningahaldi tengdu byggingarlist og einnig haft milligöngu og ráðgjöf varðandi varðveislu teikningasafna og annarra gagna og gripa arkitekta og arkitektastofa. Þá átti Arkitektafélagið á tímabili stórt fagbókasafn sem var aðgengilegt almenningi um hríð. Í lögum og siðareglum félagsins er kveðið á um ábyrgð félagsins og félagsmanna: *að stuðla að góðum arkitektúr*. Félagið hefur þó aldrei borið stjórnsýslulega ábyrgð á rannsóknum, varðveislu og miðlun á menningararfi íslenskrar byggingarlistar.

⁴ Pétur H. Ármannsson, *Byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur : tilurð, staða og framtíð : greinargerð september 2011. (ljósrit í vörslu Minjastofnunar Íslands)*

Listgreinin sem á sér engan samastað

Þrátt fyrir mikilvægt framlag einstaklinga og hópa til rannsókna og miðlunar á íslenskum arkitektúr á undanförunum fimmtíu árum hefur þessi undirstöðugrein sjónlista enn ekki öðlast þann sess í opinberu menningarlífi þjóðarinnar sem vert væri. Stjórnvöld hafa staðfest menningarstefnu í mannvirkjagerð sem lýtur að gæðakröfum í hönnun nýrra bygginga og endurbótum á eldri byggingum hins opinbera. Engin aðgerðaráætlun er með stefnunni og henni hefur því ekki verið fylgt nægilega markvisst eftir. Vert er að setja fram opinbera arkitektúrstefnu sem nær yfir allar byggingar og ekki aðeins opinberar.

Varðveisla, rannsóknir og miðlun á menningararfi byggingarlistar á sér engan stað í löggjöf og stofnanakerfi landsins, líkt og aðrar þær höfuðgreinar lista sem nefndar voru í upphafi. Gögn og sérþekking um íslenskan arkitektúr og menningarf byggingarlistar eru dreifð milli aðila og verkaskipting og ábyrgð þessara aðila óljós. Þrátt fyrir aðkomu og ástríðu fjölmargra einstaklinga og félaga sem og mörg mikilvæg verkefni, sem hefur verið rutt úr vegi, er enginn formlegur og þar til gerður skilgreindur vettvangur fyrir faglegt hópefli og skilvirka samvinnu við varðveislu, rannsóknir og miðlun á menningararfi byggingarlistar á Íslandi. Til samanburðar má nefna Kvikmyndasafn Íslands sem starfar samkvæmt kvikmyndalögum nr. 137/2001. Meginhlutverk safnsins er að safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir; hafa eftirlit með skilum kvikmyndaefnis samkvæmt lögum um skylduskil og standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvikmyndalist. Jafnframt gegnir safnið því hlutverki að sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins og skapa fræðimönnum og fagmönnum aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir.

Eftir að byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur var lögð niður árið 2011 á varðveisla, rannsóknir og miðlun menningararfs byggingarlistar sér engan varanlegan stað innan vébanda opinberra safnastofnana. Styrkveitingar til rannsókna og útgáfu á þessu sérsviði eru takmarkaðar og þrátt fyrir öflugt starf MHA er engin miðstöð með fagmenntuðu fólki á sviði arkitektúrs starfandi sem sinnir miðlunarverkefnum og upplýsingagjöf á sambærilegan hátt og t.d. Tónlistarmiðstöð, Miðstöð íslenskra bókmennta og Myndlistarmiðstöð.

2. Þáttur byggingarlistar í opinberri stjórnsýslu

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Árið 2005 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um stefnu íslenskra stjórnvalda í manngerðu umhverfi byggingarlistar undir forystu Halldóru Vífilsdóttur arkitekts. Í starfshóp áttu sæti fulltrúar frá Arkitektafélagi Íslands, Listaháskóla Íslands, Framkvæmdasýslu ríkisins og umhverfisráðuneyti. Menningarstefna í mannvirkjagerð – stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist var samþykkt í ríkisstjórn í apríl 2007 og var stefnan gefin út í prentuðu formi í sama mánuði. Í framhaldi af samþykkt stefnunnar skipaði mennta- og menningarmálaráðuneyti starfshópa til að fylgja henni eftir. Tillögur að aðgerðaráætlun voru kynntar í febrúar 2009. Árið 2014 var ritið *Menningarstefna í mannvirkjagerð* endurútgefið í rafrænu formi eingöngu og er skjalið aðgengilegt á vef Stjórnarráðs Íslands.

Með Menningarstefnu í mannvirkjagerð var í fyrsta sinn lagður grunnur að opinberri stefnumörkun í byggingarlist hér á landi. Markmið stefnunnar var að *“tryggja gæði og vandvirkni”* í hönnun og byggingu sem opinberra mannvirkja ásamt því að *“stuðla að uppfræðslu og vitundarvakningu um þau verðmæti sem liggja í góðri byggingarlist”*. Í stefnunni er m.a. vikið að ríkum skyldum hins opinbera við varðveislu byggingararfsins, m.a. með því að bjóða upp á fræðslu og upplýsingar um manngert umhverfi á ólíkum tímabilum. „Samfara auknum kröfum borgaranna um þátttöku í ákvörðunum um mikilvæg mál sem snerta þeirra daglega líf og umhverfi er nauðsynlegt að huga að uppfræðslu almennings á sviði byggingarlistar og skipulags. Hið opinbera móti áætlun um fræðslu á hönnun, byggingarlist og skipulagi. Efla þarf samstarfs skóla og safna, auka útgáfu, sýningahald og námskeið og nota til þess fjölbreytt form á miðlun.“

Um hlutverk safna til uppfræðslu og varðveislu segir m.a. í stefnunni: „Góð byggingarlist og góð hönnun auðgar tilveru okkar en til að efla skilning og næmi fyrir þessum þáttum er nauðsynlegt að bjóða upp á fræðslu, sýningar og kynningar á skipulagi, byggingarlist og hönnun. Mikilvægt er að styðja fyrirlestrahald og sýningar og það sem vel er gert innan hönnunar [...] Efla má veg byggingarlistar með sérhæfðu safni sem standi að sýningarhaldi, úthaldi og mótun umræðu um byggingarlist.“

Um varðveislu og miðlun menningararfs byggingarlistar segir ennfremur í stefnunni: „Hampa þarf útgáfu leiðsögurita sem nýtist jafnt fróðleiksfúsnum almenningi, ferðamönnum sem námsmönnum. Slík rit þarf að uppfæra reglulega. Þá má kynna íslenska byggingarlist með skipulögðum gönguferðum, útgáfu minni rita og fræðandi efni fyrir sjónvarp og aðra fjölmiðla.“ [...] „Móta skal sýn á fyrirkomulag opinberra safna, sýninga og útgáfu sem tryggi gagnasöfnun, varðveislu og miðlun á íslenskri byggingarlist, þ.m.t. sögulegum heimildum, tæknilegri framþróun og listrænum vitnisburði.“

Hönnunarstefna

Útlínur framtíðar - Hönnunarstefna 2030, er gildandi stefna stjórnvalda í hönnun og arkitektúr til ársins 2030. Hönnunarstefnan skilgreinir markmið, leiðir og tímasettar aðgerðir með skilgreinda ábyrgðaraðila og var hluti stefnunnar settur fram í þingsályktun Alþingis vorið 2023. Hönnunarstefnan skiptist í fimm kafla: 1. *Verðmætasköpun sem byggir á hönnun og arkitektúr*, 2. *Hönnun sem breytingarafl*, 3. *Sjálfbær innviðauppbygging*, 4. *Menntun framsækinna kynslóða* og 5. *Kynning á íslenskri hönnun og arkitektúr*. Í öllum köflum stefnunnar eru snertifletir við verndun, miðlun og rannsóknir á menningararfi íslensks arkitektúrs. Ein aðgerða stefnunnar er verkefni starfshópsins sem ritar þessa skýrslu; „þarfagreining og forgangsroðun verkefna á sviði verndunar, miðlunar og rannsókna á menningararfi íslensks arkitektúrs.“ Hér að neðan er Hönnunarstefnan sett fram út frá sjónarhóli viðfangsefnis starfshópsins m.t.t. þess að setja verkefni á sviði menningararfs byggingarlistar í samhengi við skilgreindar aðgerðir Hönnunarstefnunnar. Ennfremur dregur slík framsetning fram verkefni á sviði menningararfs byggingarlistar sem ekki eru hluti af hönnunarstefnunni og þyrfti að finna annan farveg innan stjórnsýslunnar.

Verðmætasköpun sem byggir á hönnun og arkitektúr

Samkvæmt Hönnunarstefnu er áætlað að efla sjóðakerfi sem styður við fjölþætta nýsköpun. Í því samhengi á að *efla Hönnunarsjóð* með því að móta framtíðarsýn hönnunarsjóðs á grunni samantektar um starfsemi, hreyfiafl og áhrif sjóðsins sl. tíu ár. Vert væri að viðfangsefni starfshópsins yrðu höfð til hliðsjónar í vinnu við rýni og eflingu Hönnunarsjóðs, að sérstaklega væri rýnt í hlutfall og eðli styrktra verkefna sem snerta verndun, miðlun og rannsóknir á menningararf íslensks arkitektúrs. Til framtíðar litið væri mögulegt að verja ákveðnu hlutfalli hönnunarsjóðsins í rannsóknir, verndun og miðlun á menningararfi arkitektúrs eða útbúa sérstakan sjóð fyrir slíkar rannsóknir. Einnig má sjá fyrir að mótuð verði sérstök stefna Hönnunarsjóðs í málefnum menningararfs í arkitektúr.

Hönnunarstefna kveður á um að sett verði *lög um hönnun og arkitektúr* þar sem heildarrammi um málefni þeirra er skýrður og þeim búin hagfelld skilyrði: „Að undangengnu hefðbundnu mati á þörf fyrir lagasetningu og greiningu á lagaumhverfi annars staðar á Norðurlöndum verði ráðist í gerð frumvarps til heildarlaga um málefni hönnunar og arkitektúrs. Markmiðið er að marka heildarramma fyrir málefnasvið hönnunar og arkitektúrs þar sem aðkoma stjórnvalda verði skilgreind og kveðið á um hvernig búa megi greinunum hagstæð skilyrði, líkt og öðrum listgreinum. Lögin taki til þeirrar starfsemi sem ríkið stendur fyrir eða styrkir.“ Það er mikilvægt að gera grein fyrir þörf á að skilgreina verndun, rannsóknir og miðlun á menningararfi íslensks arkitektúrs sem hluta af því sem ríkið stendur fyrir og styrkir. Og skilgreina hlutverk, ábyrgð, innviði og verkefni hvað það varðar. Hönnunarstefna setur fram markmið um að skilgreina *áherslur fyrir mælikvarða og hagræn áhrif hönnunar og arkitektúrs*. Vert er að áhrif menningararfs íslensks arkitektúrs verði höfð sérstaklega til hliðsjónar við slíka skilgreiningu.

Hönnun sem breytingarafl

Í Hönnunarstefnu eru sett fram markmið um að *efla ráðgefandi hlutverk MHA á sviðum hönnunardrifinnar nýsköpunar* til að undirbyggja vöxt slíkrar atvinnustarfsemi. Mikilvægt er að sjónarmið menningararfs íslensks arkitektúrs verði meðal þess sem verður haft til hliðsjónar í tengslum við slíka ráðgjöf.

Sjálfbær innviðauppbýgging

Endurskoðun Menningarstefnu í mannvirkjagerð er meðal skilgreindra aðgerða Hönnunarstefnu og markmið um að „víkka hana út í samfélagslegri stefnu í breiðu samráði aðila úr stjórnkerfi og atvinnulífi.“ Með Menningarstefnu í mannvirkjagerð var, eins og áður kemur fram, í fyrsta sinn lagður grunnur að opinberri stefnumörkun í byggingarlist hér á landi. Markmið stefnunnar var að „tryggja gæði og vandvirkni“ í hönnun og byggingu sem opinberra mannvirkja ásamt því að „stuðla að uppfræðslu og vitundarvakningu um þau verðmæti sem liggja í góðri byggingarlist“.

Í stefnunni koma meðal annars fram eftirfarandi markmið er snúa að íslenskum byggingararfi:

Verndun, aðgæsla og virðing. Tryggja ber verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess. Stuðla skal að því að menningararfur manngerðs umhverfis njóti aðgæslu og virðingar sem hentar sögulegu hlutverki, tæknilegum vitnisburði og sjónrænum eiginleikum.

Varðveisla. Verklagsreglur um friðun húsa og byggðarmynsturs, viðhald, endur- og viðbyggingar skulu stuðla að lifandi notkun. Tryggja ber varðveislu hins byggða menningararfs með tilliti til upprunalegrar verktækni og mikilvægra sérkenna.

Upplýsingar og fræðsla. Áhersla skal lögð á miðlun upplýsinga og fræðsluefnis um sögu og sjónræn einkenni stakra bygginga sem götummynda og staða með upp færðum leiðsöguritum sem gera skil helstu gersemum hins íslenska byggingararfs.

Mikilvægt er að ofangreind markmið *Menningarstefnu um mannvirkjagerð* gangi fram í endurskoðaðri stefnu. Ennfremur að aðgerðir, ábyrgð og umsjón með aðgerðum verði skilgreind.

Í Hönnunarstefnu er sett fram markmið um *Heildstæða stefnumótun í mannvirkjagerð og innviðauppbýggingu þvert á stjórnkerfið með aukin gæði, sjálfbærni og öryggi að leiðarljósi*. Sjónarmið menningararfs byggingarlistar verði höfð til hliðsjónar í þessu samhengi. Í Hönnunarstefnu er sett fram markmið um að *auka áherslu á notendur og gæði í reglugerðum stjórnvalda um opinber innkaup og vægi hönnunargreina og þverfaglegra vinnubragða í opinberum útboðum og innkaupum*. Sjónarmið menningararfs byggingarlistar verði höfð til hliðsjónar í því samhengi, sem hluti af gæðum og gildi fyrir notendur.

Í Hönnunarstefnu er sett fram markmið um að *kortleggja nauðsynlegar breytingar á reglugerðum og hvata til að innleiða hringrásarhagkerfi í mannvirkjagerð*. Sjónarmið menningararfs byggingarlistar verði höfð til hliðsjónar sem hluti af því að innleiða hringrásarhugsun og hringrásarkerfi. Meðal annars í því ljósi að rannsóknir og miðlun á menningararfi byggingarlistar styður við varðveislu, endurnýtingu og endurgerð byggingararfsins, sem getur átt þátt í að virkja hringrásarhagkerfi í mannverkjagerð.

Í Hönnunarstefnu er sett fram markmið um að „hlutfall fjármagns til opinberra framkvæmda og stuðnings við innviðauppbýggingu fari í rannsóknir og nýsköpun, sem undirbyggja starfsemi óháðs rannsóknarvettvangs sem stuðlað getur að nauðsynlegri umbreytingu í mannvirkjagerð.“ Í því samhengi er áætlað að gera „mat á starfsemi mannvirkjarannsóknasjóðsins Asks og þarfagreining fyrir auknar rannsóknir á sviðum húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmála með hliðsjón af húsnæðisstefnu, landsskipulagsstefnu og loftslagsmarkmiðum Íslands horfi jafnframt til menningararfs byggingarlistar, sem hluti af nauðsynlegri umbreytingu í mannvirkjagerð“.

Að mati starfshópsins þarf menningararfur byggingarlistar að vera hafður til hliðsjónar í þessari aðgerð. Áherslur í *Vegvísi um vistvæna mannvirkjagerð*, sem hafa verið lagðar til grundvallar áherslum hins opinbera í mannvirkjarannóknum, eru skilgreindar út frá verkfræði- og byggingatæknilegum þáttum mannvirkjagerðar og sérstök áhersla er á þróun nýrra byggingarefna. Upp á vantar að styrkja sjónarmið rannsókna á byggingararfinum ekki síst í tengslum við aukna áherslu á vistvæna mannvirkjagerð og rannsóknir á byggingararfinum sem undirbyggja hana. Einnig er vert að benda á að í stefnu stjórnvalda *Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi*, kemur eftirfarandi fram er varðar rannsóknir á menningararfinum:

Rannsóknir á menningararfinum þurfa að vera öflugar og markvissar. Stofnanirnar hafa skilgreint rannsóknarhlutverk og þar er unnið fjölþætt rannsóknarstarf sem leggur grunn að vönduðum vinnubrögðum við verndun og miðlun menningararfsins. Rannsóknir eru forsenda þess að þjóðin fái sem gleggsta mynd af sögu sinni og arfleifð. Rannsóknir eru auk þess oft á tíðum hreyfiafl nýsköpunar, krafts og breytinga. Öflugar rannsóknir eru forgangsatriði, hvort heldur sem er innan stofnananna sjálfra eða utan þeirra. Huga verður að forgangsriðun rannsókna í samráði við fræðimenn á hverju sviði og gæta þess að rannsóknir og fræðastörf fái súrefni og næringu til að blómstra. Hver stofnun setur sína stefnu á sviði rannsókna í samræmi við hlutverk sitt og verksvið, auk þess sem akademískt frelsi er ríkjandi þáttur við ákvarðanir sem snúa að rannsóknum.

Starfshópurinn tekur undir þessi orð en leggur áherslu á að þær stofnanir sem vísað er til eru ekki til staðar í stjórnkerfinu hvað viðkemur menningararfi byggingarlistar. Í það minnsta er engin ríkisstofnun með skýra og skilgreinda ábyrgð á rannsóknum á menningararfi byggingarlistar (sjá nánari umfjöllun í kafla 4. Rannsóknir).

Menntun framsækinna kynslóða

Í Hönnunarstefnu eru sett fram markmið um *aukna þekkingarmiðlun og fjölbreytt námsframboð á sviðum hönnunar og arkitektúrs*. Meðal annars með því að *stuðla að auknu úrvali námskosta á sviði hönnunar*. Í því samhengi má benda á að í *Menningarstefnu um mannvirkjagerð* er m.a. vikið að ríkum skyldum hins opinbera við varðveislu byggingararfsins, m.a. með því að bjóða upp á fræðslu og upplýsingar um mannigert umhverfi á ólíkum tímabilum:

Samfara auknum kröfum borgaranna um þátttöku í ákvörðunum um mikilvæg mál sem snerta þeirra daglega líf og umhverfi er nauðsynlegt að huga að uppfræðslu almennings á sviði byggingarlistar og skipulags. Hið opinbera móti áætlun um fræðslu á hönnun, byggingarlist og skipulagi. Efla þarf samstarfs skóla og safna, auka útgáfu, sýningahald og námskeið og nota til þess fjölbreytt form á miðlun.

Mikilvægt er að þessir og fleiri þættir sem nefndir eru að ofan rati inn í endurskoðaða menningarstefnu og séu ennfremur höfð til hliðsjónar þegar kemur að skilgreina aðgerðir Hönnunarstefnu m.t.t. menntunar framsækinna kynslóða.

Í Hönnunarstefnu eru sett fram markmið um að *skapa hvata til markvissrar samvinnu milli ólíkra fræðasviða háskóla og milli háskóla og atvinnulífs* og að *tryggja aðgengi hönnuða og annarra, á sviði endurmenntunar og hönnunarhugsunar sem styður við fagþróun, verk- og tækniþekkingu hönnuða og arkitekta*. Ennfremur að *auka þverfaglega nálgun í menntun, rannsóknnum og samstarfi*. Sjónarmið menningararfs byggingarlistar verði höfð til hliðsjónar í þessu samhengi.

Í Hönnunarstefnu kemur fram að „skipaður verði faglegur starfshópur sem falið verði að gera þarfagreiningu og forgangsraða verkefnum sem tengjast verndun, miðlun og rannsóknnum á menningararfi íslensks arkitektúrs. Þarfagreining fari síðan í opið samráðsferli.“ Þessi aðgerð hefur komið til framkvæmda og er vinnan í höndum starfshópsins sem ritar þessa skýrslu.

Kynning á íslenskri hönnun og arkitektúr

Í Hönnunarstefnu er sett fram markmið um að *hámarka sýnileika og meðvitund um íslenska hönnun og arkitektúr* með því að tryggja þátttöku Íslands í Feneyjatvíæringnum í arkitektúr og efla kjarnastarfsemi MHA á sviðum kynningarmála, meðal annars með áherslu á: Alþjóðlegt kynningarstarf, kynningarstarf innanlands, eflingu Hönnunarverðlauna Íslands og þátttöku í alþjóðlegum samstarfs- og kynningarverkefnum. Ofanefndum aðgerðum þarf að vinna að með hliðsjón af menningararfi íslensks arkitektúrs (sjá nánar í kafla 5. Miðlun).

Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 var Minjastofnun Íslands fengið það hlutverk að gera tillögu til ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja. Skipaður var stýrihópur sem í áttu sæti fulltrúar átta stofnana sem

tengjast varðveislu menningararfsins, auk fulltrúa frá safnaráði og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Minjastofnun Íslands fylgdi stefnumótuninni eftir og skipaði sérstakan verkefnisstjóra en ráðgjafafyrirtækið Stratagem var fengið til að skipuleggja verklag og nálgun og halda utan um vinnuna.

Í skýrslu sem stýrihópurinn skilaði af sér árið 2020 er ekki fjallað sérstaklega menningararf íslenskrar byggingarlistar.⁵ Á einum stað er þó vikið að varðveislu og miðlun verklags við að byggja torfbæi sem dæmi um óáþreifanlegan menningararf. Þá er bent á áhrif byggðaskipulags á menningararfinn og þau tækifæri sem felast í nýtingu hans. „Þekkja, skilja og virða arfleifð, lifa hana og miðla henni” er sú framtíðarsýn sem skilgreind er í stefnunni *Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi* og höfð er til hliðsjónar í mati á valkostum við fyrir verndun, miðlun og rannsóknir á menningararfi íslensks arkitektúrs.

Stefna um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi

Aðgerðaáætlun stjórnvalda um vernd og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi var unnin á vegum Minjastofnunar Íslands ásamt ráðgjafarnefndum, fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd, á árunum 2020-2022. Í lokaskýrslu er m.a. lögð áhersla á skráningu byggingararfs og minja sem stafar ógn af náttúruvá og skráningu byggingarefna með tilliti til kolefnisspors og endurnýtingar. Bent er á mikilvægi yngri minja, s.s. herminja, bensínstöðva, samkomu- og atvinnuhúsa sem hluta af byggingarsögu þjóðarinnar og að verndun þeirra og endurnýting sé jafnframt framlag til hringrásarhagkerfisins.

⁵ Kristín Huld Sigurðardóttir o.fl., “Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi.” (Minjastofnun Íslands 2020)

3. Varðveisla

Varðveisla menningararfs arkitektúrs felst annars vegar í verndun og viðhaldi húsa, mannvirkja og mótaðs umhverfis sem fellur undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 um varðveislu byggingararfsins. Hins vegar felst hún í varðveislu teikninga, líkana, skjala og annarra heimilda sem varpa ljósi á hið skapandi vinnuferli hönnunar og arkitektúrs sem mótun umhverfis og mannvirkja byggir á. Engin safnastofnun hér á landi hefur nú um stundir það lögbundna hlutverk að safna og varðveita heimildir um sögu íslenskrar byggingarlistar.

Safneign byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur

Sem áður getur var starfandi sérstök Byggingarlistardeild við Listasafn Reykjavíkur á árunum 1993 til 2012. Í upphafi var það ekki eitt af markmiðum Byggingarlistardeildar að byggja upp safneign til varðveislu enda skorti til þess sérhæfða geymsluaðstöðu. Áður en deildin hóf störf hafði *Rannsóknarsjóður Íslenskra arkitekta* gert samkomulag um varðveislu teikningasafna látinna arkitekta við Þjóðskjalasafn Íslands. Hafði stjórnin m.a. milligöngu um ráðstöfun teikningasafna Sigurðar Guðmundssonar, Jóns Haraldssonar og Sigvalda Thordarson þangað.

Tímamót urðu árið 1995, er Byggingarlistardeild var færð til varðveislu safn Einars Sveinssonar arkitekts af ættingjum Stellu Reykdal, ekkju hans, sem lést það ár. Í kjölfarið bárust safninu fleiri merk teikningasöfn úr eigu íslenskra arkitekta og húsameistara. Má þar nefna Jens Eyjólfsson, Þorleif Eyjólfsson, Þóri Baldvinsson, Gunnlaug Halldórsson, Sigmund Halldórsson, Bárð Ísleifsson, Hannes Kr. Davíðsson, Gunnlaug Pálsson, Þór Sandholt, Gísli Halldórsson, Þorvald Kristmundsson, Magnús Guðmundsson, Geirharð Þorsteinsson, Einar Þorstein Ásgeirsson og Stefán Jónsson.

Árið 1997 fól Magnús Sædal byggingarfulltrúi Reykjavíkur deildinni varðveislu á söfnum frumteikninga úr eigu húsameistaranna Einars Erlendssonar, Guðmundar Þorlákssonar og Péturs Ingimundarsonar. Um var að ræða gögn sem fjölskyldur þessara manna höfðu beðið embætti byggingafulltrúa að geyma þar sem engin safnastofnun var þá til sem áhuga hafði á að varðveita slíka hluti. Auk teikninganna varðveitti deildin líkön, skjöl, teikniáhöld og bækur úr eigu eldri arkitekta. Þá fór skipulagssvið Reykjavíkurborgar deildinni að varðveita líkanasafn borgarinnar á árunum 2004-5.

Þegar undirbúningur hófst á flutningi Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsið var frá upphafi gert ráð fyrir fullkominni teikningageymslu fyrir byggingarlistardeild sem yrði í beinum tengslum við skrifstofu hennar, þar sem yrði jafnframt aðstaða fyrir fræðimann. Fram að því voru teikningarnar varðveittar í einni af listaverkageymslum safnsins í kjallara Kjarvalsstaða, fjarri vinnuaðstöðunni, og var af því óhagræði. Vegna aðstöðuleysis hafði deildin ekki leitað sérstaklega eftir að fá söfn til geymslu. Í flestum tilvikum höfðu eigendur safna samband og óskuðu eftir að deildin tæki þau til geymslu. Var reynt að bregðast við því eins og aðstaða leyfði. Á þeim árum sem deildin starfaði bárust henni á hverju ári merkileg gögn sem oft höfðu legið í kjallarageymslum og háaloftum.

Þau söfn sem tekin voru til varðveislu voru flest tölvuskráð auk þess sem haldin var aðfangaskrá yfir muni og gögn í vörslu deildarinnar. Þegar Listasafn Reykjavíkur flutti í ný húsakynni í Hafnarhúsinu árið 2002 var tekin í notkun sérhönnuð geymsla fyrir húsateikningar í beinum tengslum við skrifstofu deildarinnar. Árið 2003 var efnt til sýningar í A-sal Hafnarhússins á verkum úr safneign byggingarlistardeildar í tilefni þess að áratugur var liðinn frá stofnun deildarinnar. Tilgangur sýningarinnar var að vekja athygli á gildi slíks safns fyrir eflingu og framþróun byggingarlistar hér á landi.

Þjóðskjallasafn Íslands

Þjóðskjallasafn Íslands er ríkisskjallasafn sem öllum stofnunum ríkisins, embættum, félögum og fyrirtækjum sem njóta opinberra styrkja er skylt að skila skjölum sínum til. Jafnframt veitir safnið viðtöku skjallasöfnum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Á Þjóðskjallasafni er að finna stærsta safn teikninga og annarra frumgagna sem tengjast íslenskri byggingarlist. Má þar nefna elstu varðveittu teikningar að byggingum frá 18. og 19. öld, teikningasafn embættis Húsameistara ríkisins, safn Byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur og söfn einstakra arkitekta og hönnuða á 20. öld. Þá eru á safninu einnig stór teikningasöfn Byggingarþjónustu landbúnaðarins og Íbúðarlánasjóðs. Nýlega barst Þjóðskjallasafni einkaskjallasafn Harðar Ágústssonar frumkvöðuls í rannsóknum á íslenskri byggingarsögu.

Auk teikninga og skjala eru varðveitt líkön að byggingum í safninu sem borist hafa með öðrum gögnum. Við Þjóðskjallasafn eru starfandi safnverðir, sérfræðingar í skráningu og forverðir sem sinnt hafa frágangi og forvörslu á hluta þeirra teikningasafna sem þangað hafa borist. Unnið er að skönnun teikninga úr einstökum söfnum, m.a. safni Húsameistara ríkisins (2024). Teikningar úr safnkosti Þjóðskjallasafns eru aðgengilegar til skoðunar á lestrarsal eftir pöntun. Unnt er að panta skönnuð afrit af teikningum vegna útgáfu og sýningagerðar. Þegar byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur hætti starfsemi árið 2011 var Þjóðskjallasafni Íslands falið að varðveita teikningasafn deildarinnar samkvæmt sérstökum samningi og að fengnu samkomulagi við gefendur einstakra safna.

Hönnunarsafn Íslands

Árið 1998 gerðu menntamálaráðuneytið og Garðabær samkomulag um að reka í sameiningu íslenskt hönnunarsafn er safnaði og sýndi listiðnað. Í stofnskrá þess er kveðið á um að safnið skuli safna og varðveita þann þátt íslenskrar menningarsögu er lýtur að hönnun, einkum frá aldamótum 1900 og til samtímans. Upphaflega var safnið deild í Þjóðminjasafni Íslands. Með nýjum samningi við menntamálaráðuneytið, sem undirritaður var í desember 2016, tók Garðabær við rekstri Hönnunarsafns Íslands og starfar það sem stofnun á vegum bæjarfélagsins. Samningurinn kvað á um að hanna skyldi byggingu fyrir safnið við Garðatorg í Garðabæ. Haldin var samkeppni um hönnun safnhúss á lóð við Garðatorg en ekkert varð af framkvæmdum. Árið 2010 var tekið í notkun sýningarhúsnæði á 2. hæð eldra verslunarhúsi við Garðatorg og þá hófst skipulegt sýningarstarf á vegum safnsins. Ári síðar tók safnið í notkun nýjar safngeymslur á sama stað. Síðan þá hafa endurbætur verið gerðar á aðstöðu og húsakynnum safnsins, auk viðbótarrymis fyrir grunnskólaheimsóknir, fyrirlestra og rannsóknir.

Hönnunarsafn Íslands á og varðveitir um 5000 muni (2024). Um er að ræða húsgögn, keramik, grafíska hönnun, textíl, fatahönnun, vöruhönnun, skartgrip og tölvuleiki. Um 60% safnkostsins hefur nú þegar verið skráður í Gegni. Árið 2012 tók safnið til varðveislu nokkur líkön frá Byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur þegar hún hætti starfsemi. Um svipað leyti gerði Arkitektafélag Íslands samkomulag við Hönnunarsafnið um varðveislu rafrænna gagna er tengjast samkeppnum arkitekta. Á undanförunum árum hefur Hönnunarsafnið tekið við nokkrum teikninga- og gagnasöfnum arkitekta, m.a. frá Einari Þorsteini Ásgeirssyni, Guðmundi Kr. Kristinssyni, Högnu Sigurðardóttur, Jes Einari Þorsteinssyni og Manfreð Vilhjálmsyni. Unnið hefur verið að skráningu þessara teikningasafna. Í sumum tilfellum hefur skráningin verið unnin af gefendum í samstarfi við safnið og í sumum tilfellum hefur safnið átt í samstarfi við Arkitektafélag Íslands um skráningarverkefnið. Þá hefur skráningin verið unnin undir leiðsögn arkitekta af nemendum sem hafa ýmist lokið eða eru við nám í arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands.

Á heimasíðu Hönnunarsafns Íslands (www.honnunarsafn.is) kemur fram að stór hluti safnkostsins beri merki þess að um tilfallandi gjafir sé að ræða og því gefi safneignin enn því eigi safneigin nokkuð í land með að sýna „á heildstæðan hátt hönnunarsögu ákveðins tímabils, stílsögu þess eða einn flokk hönnunar umfram annan.“ Fram kemur á heimasíðu að unnið sé að uppbyggingu heimildasafns með skráningu á samtíð og fortíð í innréttingahönnun og hóbýlasögu Íslendinga, s.s. með ljósmyndatökum. Þá er þess getið að byggja þurfi upp heimildasafn um íslenska byggingarlist á 20. og 21. öld en að safnið hafi enn sem komið er haft lítið svigrúm til þess.

Þjóðminjasafn Íslands

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn landsins á sviði menningarminja. Hlutverk þess er að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar. Varðveisla á munum Þjóðminjasafnsins er megin hlutverk safnsins. Safnið, sem telst stofnað árið 1863, annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innanlands og utan. Þjóðminjasafnið kemur að varðveislu gripa, sögu, handverks og handverksþekkingar, þar á meðal gegnum starfsemi Húsasafns Þjóðminjasafnsins. Þá er þjóðminjasafnið byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðlar að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar.

Húsasafnið

Árið 1985 var *Húsasafn* stofnað innan Þjóðminjasafnsins sem annast nú hús sem eru í eigu eða umsjá safnsins. Í dag samanstendur húsasafnið af 64 húsasamstæðum á fjörutíu stöðum á landinu og á heimasíðu safnsins (www.thjodminjasafn.is) kemur fram að „meðal húsa safnsins séu allir stærstu og merkustu torfbærir landsins og allar torfkirkjur sem eru í upprunalegri gerð“. Aðdraganda að Húsasafninu má rekja lengra aftur í tímann og fyrsti vísirinn að húsvernd má segja að birtist í lögum um verndun fornminja frá 1907. Þar var fjallað um að taka hús á fornleifaskrá til að tryggja verndun þeirra með friðlýsingu. Þessu var fyrst beitt árið 1930 þegar Matthías Þórðarson þjóðminjavörður tók bænhúsið á

Núpsstað, sem er enn í húsasafninu, á fornleifaskrá. Friðlýsingin var þinglýst 28. maí 1931. Síðar voru tekin fimmtán hús á fornleifaskrá fram til ársins 1976. Húsafriðunarnefnd var komið á laggirnar 1970 og í kjölfar hennar var Húsafriðunarsjóður stofnaður árið 1975. Starfsemi Húsafriðunarnefndar var um tíma nátengd starfi Húsasafns Þjóðminjasafnsins en þjóðminjavörður var formaður nefndarinnar í tvo áratugi. Frá því að Húsasafnið var stofnað hefur starfsemi þess verið á höndum sérfræðings (eitt stöðugildi) hjá Þjóðminjasafninu og menntaður arkitekt gegnt hlutverki sérfræðings í þeirri stöðu. Í verkahring sérfræðings Húsasafnsins er m.a. að hafa umsjón með viðhaldsframkvæmdum safnkostsins í samstarfi við handverksfólk um allt land. Einnig kemur sérfræðingur Húsasafnsins að miðlun og samstarfsverkefnum sem eru tengd safnkostinum og menningararfi byggingarlistar í stærra samhengi. Til að mynda vinna í opinberum starfshópum á borð við *Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*.

Húsin í Húsasafninu falla undir safngripi Þjóðminjasafnsins og eru hluti af safnkostinum. Safnið sækist þó ekki eftir fleiri húsum eða hefur markmið um að stækka safnkostinn. Enda er það, að mati viðmælenda skýrsluhöfunda, stór áskorun og kostnaðarsamt að varðveita hús sem standa úti undir beru lofti, og er eðli málsins samkvæmt, flóknara og viðameira en að varðveita safngripi í geymslum. Enn fremur er, að mati viðmælenda, ekki nógu skýr stefna um hvað Húsasafnið stendur fyrir, hvað það varðveitir og á hvaða forsendum. Vert væri að skilgreina það nánar og aðgerðir til að uppfylla þau markmið ásamt því að tryggja nauðsynlega fjármögnun. Þjóðminjasafnið á í samstarfi við Byggðasöfn og einkaaðila um að gera húsakost Húsasafnsins aðgengilegan og eru sum húsin opin almenningi, önnur er hægt að óska eftir að heimsækja. Unnið er að því að koma enn öðrum húsum í virka notkun. Skýr markmið og aðferðir liggja ekki fyrir en unnið hefur verið að hugmyndavinnu og gerðar tilraunir með mismunandi fyrirkomulag.

Varðveisla handverksþekkingar

Hlutverk Þjóðminjasafnsins er einnig að taka þátt í að viðhalda handverki og handverksþekkingu í tengslum við menningararf byggingarlistar. Að mati viðmælenda skýrsluhöfunda er ekki sjálfbært að varðveislustofnanir beri einar ábyrgð á varðveislu handverksins. Handverkið lifir sjálfstæðu lífi fyrir utan varðveislustofnanir en mikilvægt er að sameina kraftana til að taka utan um varðveislu handverksþekkingarinnar og þar gegnir Þjóðminjasafnið ákveðnu hlutverki. (Sjá nánar í kafla 5. Miðlun.)

Borgarsögusafn Reykjavíkur, byggðasöfn, Fornverkaskólinn, Íslenski bærinn

Í bókinni *Byggðasöfn á Íslandi* er rakin uppruni og saga fimmtán byggðasafna á Íslandi sem er „samofin starfi mannsins við að safna og túlka efnislegar minjar um mannkynið, störf þess og tengsl við umhverfi sitt“ eins og segir í inngangi Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar, ritstjóra bókarinnar. Í bókinni kemur fram að í fyrstu lögum um byggðasöfn frá árinu 1947 er álitid að byggðasöfn eigi að leggja „alveg sérstaka áherzlu á að afla safninu gripa og annars þess, er þar á að vera og talið er sérkennilegt fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en er að hverfa“. Þjóðminjavörður og starfsmenn

Þjóðminjasafnsins voru lengi miðlægir í mótun og áherslu byggðasafna á gripasöfnun. Mörg byggðasöfn eru í húsum sem eru í sjálfu sér safngripir og sum þeirra eru hluti af Húsasafni Þjóðminjasafnsins.

Líkt og Þjóðminjasafnið gegna byggðasöfnin hlutverki í varðveislu handverksþekkingar. Má þar nefna öflugt samstarf milli Byggðasafns Skagafjarðar og Fornverkaskólans sem snýr allt í senn að viðhaldi, fræðslu og endurnýjun þekkingar. Vettvangur kennslu skólans hefur verið Tyrfingsstaðabærinn á Kjálka í Skagafirði. Samningur var gerður við ábúendur Tyrfingsstaða um að samþætta kennslu í gömlu handverki og uppbyggingu og endurreisn torfhúsanna sem stóðu á bænum. Með verkefninu skapaðist vettvangur þar sem varðveisla menningararfsins, kennsla handverks og viðhald menningarminja hefur farið hönd í hönd. Í Flóa á Suðurlandi er menningarsetrið *Íslenski bærinn* „húsaþorp, sýningarstaður, samkomustaður og leikvöllur sem hverfist um íslenska torfbæinn og græna byggingalist [...] sýningar sem útskýra samhengi, þróun og tilbrigði íslenskra torfbæja með það að leiðarljósi að túlka aldagamlan og einstakan arf inn í samtímann með samþættingu, fræðimennsku, listrænni nálgun og varðveislu verkmenningar“⁶.

Árbæjarsafn, nú hluti af *Borgarsögusafni Reykjavíkur*, var stofnað árið 1957 en þá var Árbæjarbýlið komið í eyði og bæjarhúsin illa farin vegna skemmdarverka og veðra. Bæjarráð Reykjavíkur samþykkti að gamli Árbærinn skyldi endurbyggður og á bæjarlandinu komið upp safni gamalla húsa, sem hefðu menningarsögulegt gildi. Fyrsta verkefni Árbæjarsafns var að endurbyggja Árbæinn og fyrsta flutningshúsið, Smiðshús, var flutt þangað árið 1960. Ári síðar kom Dillonshús. Í dag eru yfir tuttugu hús á safnsvæðinu. Safnið, sem er með áherslu á húsin sjálf, er í grunninn bærinn Árbær og safn timburhúsa sem bjargað var frá niðurrifi með flutningi húsanna úr miðborg Reykjavíkur þaðan sem þeim var gert að víkja.

Árbæjarsafn hefur frá níunda áratugnum verið leiðandi í gerð byggða- og húsakannana. Í dag eru slíkar kannanir hluti af lögbundnu hlutverki sveitarfélaga í skipulagsvinnu gróinna byggða. Við gerð slíkra kannanna hefur verið byggt á danskættaðri aðferðarfræði, SAVE (Survey of Architectural Value in the Environment) og varðveislugildi húsa og byggða metið út frá byggingarlistalegu, menningarsögulegu og umhverfislegu sjónarmiði, og ástandi húss. Tilgangur húsakannana að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. Húsakannanir er sérfræðimat sem er ráðgefandi fyrir sveitastjórnir, sem hafa skipulagsvaldið í höndum sér. Þær geta því, eins og dæmin sanna, tekið ákvarðanir þvert á varðveislumat húsakannana og heimilað niðurrif þrátt fyrir mat sérfræðinga um ótvírætt varðveislugildi tiltekins húss eða heilda. Í skipulagsnefndum sveitarstjórna sitja sjaldnast faglærðir á sviði arkitektúrs. Með almennri uppfræðslu á gildi byggingarlistar er von til þess að skilningur almennings aukist, sem getur leitt af sér að gildi menningararfs byggingarlistarinnar verði í auknum mæli haft til hliðsjónar við ákvarðanatöku um breytingar í byggð.

⁶ <https://islenskibaerinn.is/>

Söfnun og skráning munnlegra heimilda um íslenskan arkitektúr

Árið 2003 voru tekin ítarleg viðtöl á myndband við níu eldri einstaklinga þar sem fjallað var um náms- og starfsferil þeirra. Viðmælendur voru arkitektarnir Albína Thordarson; Björn Ólafsson, Geirharður Þorsteinsson, Gísli Halldórsson, Guðmundur Kr. Guðmundsson, Guðrún Ó. Jónsdóttir, Skúli H. Norðdahl, Þorvaldur S. Þorvaldsson og Kjartan Sveinsson byggingartæknifræðingur. Viðtölin voru hluti af verkefni Freys Einarssonar nemanda í arkitektúr við Listaháskóla Íslands. Leiðbeinandi í verkefninu og spyrill í viðtölum var Pétur H. Ármannsson en mynd- og hljóðupptöku annaðist Björn Ófeigsson. Væntingar stóðu til þess að halda áfram með söfnun munnlegra heimilda en af því hefur enn ekki orðið. Frumupptökur af viðtölunum eru varðveittar á spólum. Til stendur að koma þeim í varanlega varðveislu á safni og flytja viðtölin yfir á stafrænt form. Annar nemandi við Listaháskólann, Haukur Hafliði Nínuson, tók viðtal við Jes Einar Þorsteinsson arkitekt í tengslum við lokaritgerð sína fyrir nokkrum árum. Vitað er um viðtöl við arkitekta í söfnum RÚV, Stöðvar 2 og Sjónvarpi Símans en óljóst er um fjölda þeirra og varðveislu.

Önnur tegund munnlegra heimilda er að finna í svörum við spurningaskrá sem Þjóðminjasafn Íslands hefur um langa hríð sent út og þannig safnað heimildum í þjóðháttasafn safnsins, sem tengjast meðal annars menningararfi byggingarlistar.⁷ Á árinu 2011 var meðal annars unnið að gerð spurningaskrár undir yfirskriftinni *Híbýli, húsbúnaður og hversdagslíf*. Spurningalistarnir voru unnir í samstarfi við Sigurð Gylfa Magnússon, sagnfræðing, sem þá gegndi rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárns, í umsjá Þjóðminjasafnsins.

Varðveisla bóka og prentaðra heimilda

Árið 1996 gerðu Arkitektafélag Íslands og Rannsóknarsjóður íslenskra arkitekta samning við Byggingarlistardeild Listasafn Reykjavíkur um varðveislu bókasafns arkitekta eftir að Arkitektafélagið flutti starfsemi sína úr Ásmundarsal við Freyjugötu 41. Í því safni voru fagbækur og fagtímarit úr eigu kunnra eldri arkitekta, sum þeirra fágæt á alþjóðlega vísu. Safnið var um skeið aðgengilegt á Kjarvalsstöðum en flutti síðar í rými á 1. hæð Hafnarhússins. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fékkst aldrei fé til að skrá safnið í samræmi við upphaflegt samkomulag. Árið 2008 var gerður nýr samningur milli Arkitektafélagsins og Listaháskóla Íslands um að bókasafn skólans tæki yfir varðveislu bókasafns félagsins. Þar er það nú varðveitt en er að hluta til óaðgengilegt.

Áskoranir

1. Varðveisla menningararfs byggingarlistar á Íslandi hefur að mestu leyti verið hluti af starfsemi stofnana sem eru með skilgreint hlutverk og ábyrgð á sviði þjóðháttasafna, sögu, skipulags og skjalasöfnunar.

⁷ Sjá nánar: <http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/thjodhattasafn/rannsoknir/spurningalistar/>.

2. Fagsjónarmið arkitektúrs hafa ekki verið leiðandi að undanskildri starfsemi Byggingarlistar Listasafns Reykjavíkur og Húsasafns Þjóðminjasafnsins.
3. Móðurstofnun með ábyrgð á varðveislu menningararfs byggingarlistar skortir.
4. Samhæfing og skipulagt samstarf / vettvangur milli aðila sem koma að varðveislu skortir.
5. Hætta á að heimildir, gögn og þekking glatist í núverandi ástandi.
6. Hætta á að handverksþekking færist ekki yfir til næstu kynslóða.
7. Ekki er verið að skrá skipulega.

Sviðsmyndir

1. Varðveisla munnlegra heimilda er forgangsmál og mikilvægt að brenna ekki inni á tíma með það verkefni. Hægt er að hefjast handa strax handa við skráningu þvert á núverandi stofnanir og vettvanga miðlunar og rannsókna.
2. Mögulegt er að efla starfsvettvang fyrir fólk sem vill einbeita sér að varðveislu á menningararfi í byggingarlistar gegnum sérhæfingu í staðbundnu handverki sem er einstakt á heimsvísu.
3. Hönnunarsafn Íslands hefur á undanförunum árum í samstarfi við Arkitektafélag Íslands fengið styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og notið krafta nemenda í arkitektúr við Listaháskóla Íslands við að skrá teikningasöfn arkitekta. Sú vinna skilar sér á marga vegu í eflingu menningararfs byggingarlistar. Hún eflir áhuga, eykur hæfni og skilning, er mikilvægur hluti af skráningu verka og þar með hluti að varðveita menningararf byggingarlistar um leið og slík skráning opnar á leiðir til miðlunar og framtíðarsýninga. Þetta eru mikilvæg dæmi um vel heppnuð verkefni, og mikilvægt samstarf ólíkra aðila (Hönnunarsafn, Listaháskóli Íslands, Arkitektafélag Íslands). Vert er að efla þetta frumkvæði, fjármagna og taka á af festu á skýran og skipulagðan hátt.

4. Rannsóknir

Inngangur

Elsta þekkt dæmi um íslenska byggingarlistarrannsókn er ritgerð Guðlaugs Sveinssonar prófests í Vatnsfirði við Djúp, „Um húsa eðr bæja byggingar á Íslandi,“ frá 1791.⁸ Í ritgerðinni leggur Guðlaugur til skipulagsbreytingar á torfbæjarforminu. Það er táknrænt að upphaf byggingarannsókna hafi verið unnar af presti en arkitektúr var ekki til sem sjálfstætt fræðasvið innan íslenskra háskóla alla 20. öldina. Lengst af hafa rannsóknir á menningararfi arkitektúrs verið unnar á forsendum annarra faggreina þótt einnig séu dæmi sé um rannsóknir frá sjónarhóli arkitekta. Sem dæmi má nefna:

- Fornleifafræði : Daniel Bruun, Edwin Sacher, Stöng 1939, Þjóðminjasafnið, o.fl.
- Lýðheilsufræði : Guðmundur Hannesson læknir, *Hlín og Melkorka*, tímarit kvenna
- Þjóðháttufræði : Arnheiður Sigurðardóttir, Borgarsögusafn, Þjóðminjasafn o.fl.
- Sagnfræði / skipulagsfræði : Haraldur Sigurðsson, Trausti Valsson, Margrét Tryggvadóttir
- Listfræði : Hörður Ágústsson, Selma Jónsdóttir, Halldóra Arnardóttir
- Rannsóknir arkitekta : Atli Seelow, Hjörleifur Stefánsson, Pétur H. Ármannsson, Þorsteinn Gunnarsson, o.fl.
- Byggingartækni : Ýmsir verkfræðingar, Tímarit VFI, Tímarit Iðnaðarmanna
- Stærðfræði : Einar Þorsteinn Ásgeirsson
- Kennslufræði: Massimo Santanichia
- Listkennslufræði: Guja Dögg Hauksdóttir, Alma Sigurðardóttir
- Híðýlafræði: Arndís S. Árnadóttir, Halldóra Arnardóttir
- Bókmenntir: Anna María Bogadóttir

Með tilkomu arkitektúrdeildar LHÍ eftir aldamótin breyttust rannsóknarforsendur og styrktust enn frekar við stofnun M.Arch náms árið 2021 við sömu stofnun. Þessi kafli fjallar um rannsóknir á menningararfi íslenskrar byggingarlistar.

- Hverjar eru helstu skilgreiningar á rannsóknnum á byggingarlist?
- Hvert er núverandi rannsóknarlandslag?
- Hvert er mikilvægi rannsókna menningararfi arkitektúrs?
- Hverjar eru helstu áskoranir rannsókna á menningararfi arkitektúrs?
- Hvaða sviðsmyndir sjáum við fyrir okkur?

⁸ Guðlaugur Sveinsson, „Um húsa- eðr bæa-byggingar á Íslandi,“ *Rit þess konunglega íslenska Lærdómslistafélags*, 11, nr. 1 (1791), 242-278.

Skilgreiningar

Í *Menningarstefnu um mannvirkjagerð* er vikið að rannsóknum á sviði byggingarlistar með eftirfarandi orðum:

Styðja skal skipulega rannsóknir til þróunar í mannvirkjagerð. Er þar átt við fræðilegar, listrænar og tæknilegar rannsóknir. Slíkar rannsóknir geta farið fram í mennta- og rannsóknarstofnunum sem og við hönnun og byggingu mannvirkja. Þannig má örva framþróun og fyrirbyggja mistök eða óhagkvæm vinnubrögð.⁹

Samtök Evrópskra arkitekta, EAAE, skilgreina rannsóknir á eftirfarandi hátt:

Arkitektúrrannsóknir eru frumlegar (e. original) rannsóknir sem gerðar eru í því skyni að skapa þekkingu, innsýn og skilning sem byggir á hæfni, aðferðum og verkfærum sem hæfa fræðigreininni arkitektúr. Þær hafa sinn sérstaka þekkingargrunn, hátt, umfang, tækni og aðferðir.¹⁰

Þessar skilgreiningar einblína ekki sérstaklega á rannsóknir á *menningararfi* arkitektúrs, heldur rannsóknir á arkitektúr í víðari skilningi. Starfshópurinn hefur því ekki skilgreiningar annars staðar frá til að styðjast við og hefur komið sér saman um eftirfarandi skilgreiningu:

Rannsóknir á menningararfi arkitektúrs eru rannsóknir sem unnar eru á hinu manngerða umhverfi, óáþreifanlegum mótandi þáttum þess og heimildum um tilurð og virkni í því skyni að búa til nýja þekkingu sem hægt er að byggja á í nútímanum. Rannsóknir geta verið unnar jafnt af fagmönnum sem fræðimönnum í ýmsa miðla og geta haft bæði víða og þrönga skírskotun. Menningararfur fortíðar er byggingarefni framtíðar.

Núverandi rannsóknarlandslag

Akademískar rannsóknir

- Háskóli Íslands
 - megindlegar: verkfræði- og náttúruvísindasvið
 - eigindlegar: fornleifafræði
- Háskóli Reykjavíkur
 - megindlegar: iðn- og tæknifræðideild
 - eigindlegar: umhverfissálfræði
- Listaháskóli Íslands

⁹ [Húsafríðunarsjóður | Minjastofnun](#)

¹⁰ EAAE Charter on Architectural Research (update 2022), <https://www.eaae.be/about/statutes-and-policypapers/eaae-charter-architectural-research/>

- eigindlegar undir formerkjum arkitektúrs (ekki menningararfs strangt til tekið)

Af þessum stofnunum sinnir LHÍ og HÍ að einhverju leyti rannsóknum á menningararfi arkitektúrs, en frá ólíkum sjónarhornum en þó ekki undir þeirri yfirskrift.

Stofnanarannsóknir

- Þjóðminjasafn, Hönnunarsafn, söfn sveitarfélaga
- Húsnæðis og mannvirkjastofnun í gegn um Ask
- Tæknisetur, áður nýsköpunarmiðstöð, áður Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

Af þessum stofnunum sinna Hönnunarsafn Íslands og Þjóðminjasafn rannsóknum á menningararfi arkitektúrs, en nýverið hlaut Þjóðminjasafnið styrk úr Rannís sem fjármagnar rannsókn doktorsnema í umhverfis og auðlindafræði við HÍ. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig þök á torfbæjum haga sér út frá loftslagsbreytingum og fleiri þáttum til að geta mótað sterkari tillögur að varðveislu húsa í Húsasafninu. Íslenskt byggingarlistarsafn byði upp mikil á sóknartækifæri þar sem ekki er hægt að halda sýningu án rannsókna.

Rannsóknir sjálfstæðra fræðimanna og fyrirtækja

Þrátt fyrir möguleika ofangreindra stofnana til að sinna menningararfi arkitektúrs hafa slíkar rannsóknir í seinni tíð fyrst og fremst verið unnar af sjálfstætt starfandi fræðimönnum/arkitektum utan vébanda háskóla- og safnastofnana.

Sjóðir sem styrkja rannsóknir sem tengjast arkitektúr:

- Askur – mannvirkjarannsóknasjóður
 - „veitir styrki til mannvirkjarannsókna með áherslu á aukna þekkingu, umbætur og nýsköpun til að mæta samfélagslegum áskorunum á sviði mannvirkjagerðar.“¹¹
 - **Sjóðurinn leggur ekki áherslu á rannsóknir á menningararfi arkitektúrs.**
- Hönnunarsjóður
 - „veitir styrki til margvíslegra verkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs: þróunar og rannsókna, verkefna og markaðsstarfs auk ferðastyrkja.“¹² Sjóðurinn er ekki fyrir arkitektúr eingöngu og lítur á arkitektúr sem einungis einn lið innan hönnunar, í stað þess að vera með sérmótaða arkitektúrstefnu. Mögulega ætti starfshópurinn að taka þátt í að móta þá stefnu.
 - Markmið sjóðsins er að „efla þekkingu og atvinnu- og verðmætasköpun á sviði hönnunar og arkitektúrs.“¹³ Sjóðurinn er með sérstakan lið fyrir

¹¹ [Askur - mannvirkjarannsóknasjóður | Húsnæðis- og mannvirkjastofnun \(hms.is\)](#)

¹² [Um Hönnunarsjóð – Hönnunarsjóður \(honnunarmidstod.is\)](#)

¹³ [Um Hönnunarsjóð – Hönnunarsjóður \(honnunarmidstod.is\)](#)

rannsóknir en þær eiga að stuðla að „þróun nýrra hugmynda eða lausna“ og **ríma því illa við hugmyndir um að styrkja rannsóknir á menningararfi arkitektúrs.**

- Minningarsjóður Guðjóns Samúelssonar
 - „Tilgangur sjóðsins er að útbreiða þekkingu á húsagerðarlist í íslenskum anda.“¹⁴
 - **Sjóðurinn styrkir rannsóknir á menningararfi arkitektúrs.**
- Rannís
 - Rannsóknarsjóður
 - **Sjóðinn má nýta til rannsókna á menningararfi arkitektúrs.**
 - Nýsköpunarsjóður námsmanna
 - **Sjóðurinn hefur verið nýttur í rannsóknir á menningararfi arkitektúrs í samstarfi Listaháskóla Íslands og Hönnunarsafni.**
 - Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna
 - **Sjóðinn má nýta til rannsókna á menningararfi arkitektúrs.**
- Rannsóknarsjóður Listaháskóla Íslands
 - Rannsóknarsjóður Listaháskóla Íslands hefur það hlutverk að styðja við rannsóknir akademískra starfsmanna og stuðla með því að uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista.¹⁵
 - **Akademískir starfsmenn Listaháskólans geta nýtt sjóðinn í rannsóknir á menningararfi arkitektúrs en sjóðurinn styrkir þó aðeins annan kostnað en vinnu rannsakanda.**
- Húsafríðunarsjóður
 - stuðlar „að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. sjóðurinn veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.“ 16 Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds og verndunar annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi sem og annarra verkefna er stuðla að verndun byggingararfsins og annarra mannvirkja. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.“ Frá árinu 2016 hafa styrkir úr sjóðnum sem runnið hafa til rannsóknarverkefna verið að meðaltali 2,3% af heildarupphæð úthlutaðra styrkja, að meðaltali um kr. 6.850.000.- á ári á þessu tímabili. Styrkt rannsóknarverkefni hafa verið af ýmsum toga, flest á sviði skráningar, útgáfu rita og miðlunar upplýsinga um íslenskan byggingararf.
 - **Sjóðurinn styrkir rannsóknir á menningararfi arkitektúrs með áherslu á hagnýti.**

¹⁴ [Minningarsjóður - Miðstöð hönnunar og arkitektúrs \(honnunarmidstod.is\)](http://minningarsjodur-midstod-honnunar-og-arkitekturs.honnunarmidstod.is)

¹⁵ [Rannsóknir | Listaháskóli Íslands \(lhi.is\)](http://rannsoknir-listahaskoli-islands.lhi.is)

¹⁶ [Húsafríðunarsjóður | Minjastofnun](http://husafridunarsjodur-minjastofnun)

Af ofangreindu má ráða að það eru fáir sjóðir fyrir rannsakendur á sviði menningararfs arkitektúrs á Íslandi. Eini sjóðurinn sem sinnir þessu sviði eingöngu er Minningarsjóður Guðjóns Samúelssonar og eru upphæðirnar sem hann veitir ekki háar. Til úrbóta gætu Askur og Hönnunarsjóður gefið ákveðið hlutfall til rannsókna á menningararfi arkitektúrs (eða hönnunar og arkitektúrs í tilfalli Hönnunarsjóðs).

Sérstaða Listaháskóla Íslands, tækifæri og takmarkanir.

- Listaháskóli Íslands skipar sérstakan sess í rannsóknarlandslaginu. Þar gefst ágætt svigrúm til rannsókna á menningararfi íslenskrar byggingarlistar. Ástæða er til þess að leggja enn ríkari áherslu á rannsóknir á byggingararfi arkitektúrs, bæði í vinnustofum og fræðatímum, sérstaklega í meistaranámi (M. Arch) sem nýlega kom til sögunnar.
- Ráðningartími akademískra starfsmanna og kjör eru ekki hönnuð með fræðimenn og rannsakendur í huga, heldur listamenn (e. practitioners) fyrst og fremst. Áhersla og þörf á listrænni endurnýjun listamanna er mögulega ríkari en í fræðimanna sem eðli málsins samkvæmt lúta öðrum lögmálum. Um það verður ekki dæmt hér. En það eru kuldaleg örlög fyrir rannsakendur að ljúka starfssamningi eftir tíu ár og leita á önnur mið, sem eins og ráða má af ofangreindu, eru ekki ríkuleg innanlands. Þessi þröngu starfsskilyrði eru ekki til þess fallin að auka áhuga ungs fólks á rannsóknum, sem kýs heldur að vinna sem arkitektar. Auk þess verður stuttur ráðningartími til þess að þekking sem skapast innan stofnunarinnar glatast og mikilvægar tengingar rofna.
- Listaháskóli Íslands hefur að geyma stærsta arkitektúrbókasafn landsins en mætti skerpa á varðveisluhlutverki sínu, sér í lagi bókasafnsstefnu eins og minnst er á að ofan, ef hann vill vera í öndvegi rannsókna á íslenskum arkitektúr.
- Það er miður að nemendur háskóla á landsvísu hafi ekki frían aðgang að bókasafnskerfum hvors annars. Vegna aðgangs nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands að rafrænum gagnasöfnum sem nemendur og starfsfólk LHÍ hafa ekki aðgang að, hafa hin fyrrnefndu í raun aðgang að stærri bókakosti en hin síðarnefndu, sem skýtur skökku við. Þarna er kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld að sameina bókasafnskerfi íslenskra háskóla í eitt skipti fyrir öll.

Mikilvægi

Þekkingarfræðileg sérstaða arkitektúrs í samanburði við félags- og raunvísindi annars vegar og listir hins vegar er ótvíræð. Fá önnur þekkingarform sameina þessi svið jafn ríkulega. Menningararfur arkitektúrs gefur okkur einstakan aðgang að þekkingu og heimsmynd þeirra sem byggðu hann. Um leið eykst sífellt mikilvægi þess að kunna að meta það sem þegar er til staðar og byggja á sögunni.

Áskoranir

Stærstu áskoranirnar í rannsóknum á menningararfi í arkitektúr eru:

1. Stofnun sem hefur rannsóknir á menningararfi arkitektúrs að sérverkefni skortir. Listaháskólinn hefur alla burði til að sinna hinni akademísku hlið og hann þarf að styrkja frekar í sessi til þess. Miðlunar- og varðveisluhliðina vantar.
2. Veikt styrkjaumhverfi.
3. Mannskap með nægilega þekkingu og menntun til að vinna rannsóknir á menningararfi arkitektúrs skortir. Í seinni tíð hafa slíkar rannsóknir verið unnar af sjálfstætt starfandi einstaklingum utan vébanda háskóla- og safnastofnana. Til að hægt sé að beina ungu fólki á braut rannsókna á menningararfi arkitektúrs þurfa að vera til launuð störf og nægilegir rannsóknarmöguleikar. Skortur á stofnunum og sjóðum sem hafa menningararf arkitektúrs að markmiði stendur rannsóknum á menningararfi í arkitektúr fyrir þrifum.

Sviðsmyndir

1. Mótuð rannsóknarstefna á menningararfi arkitektúrs.
2. Mótuð stefna Hönnunarsjóðs í málefnum menningararfs arkitektúrs. Má hugsa sér að verja ákveðnu hlutfalli hans í rannsóknir, verndun og miðlun á menningararfi arkitektúrs, eða útbúa sér sjóð fyrir slíkar rannsóknir, með sérstakar leiðbeiningar og dómnefnd?
3. Útbúinn starfsvettvangur fyrir ungt fólk sem vill einbeita sér að rannsóknum á menningararfi í arkitektúr meðfram starfi sínu sem arkitektar, kennarar í arkitektúr eða sem aðalstarf.
4. LHÍ styrktur sem rannsóknarvettvangur með því að tengja þvert á stofnanir svo úr verði allsherjar rannsóknarvettvangur í arkitektúr. Þessi rannsóknarvettvangur væri líka til staðar þegar erlendir samstarfsaðilar (söfn, höfundar, skólar og aðrir hópar) nálgast Arkitektafélag Íslands, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og LHÍ.
5. Stofnun sem annast verndun, miðlun og rannsóknir á menningararfi arkitektúrs í nánú samstarfi við aðrar stofnanir, háskóla og fagfélög auk miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

5. Miðlun

Inngangur

Á tímum örrar fólksfjölgunar, þéttingar byggðar og loftslags- og veðurfarsbreytinga hefur umræða um mikilvægi arkitektúrs, fræðsla, rannsóknir og miðlun hans sjaldan verið mikilvægari. Í *Menningarstefnu í mannvirkjagerð* er áhersla lögð á að umræða um skipulag, byggingarlist og hönnun mannvirkja verði að vera skiljanleg og aðgengileg fyrir almenning. Mikilvægt er að almenningur beri skynbragð á hlutverki og áhrifum arkitektúrs í nútímasamfélagi, kunni að lesa byggingar og manngert umhverfi. Það er leið til þess að skilja betur sögu, menningu og samfélagið í heild.

Sem áður getur er menningararfur arkitektúrs annars vegar fólgin í hinu manngerða umhverfi og mannvirkjum frá ólíkum tímabilum og hins vegar margvíslegum gögnum og hlutum sem varpa ljósi á hönnun og gerð bygginga og ytra umhverfis. Eðli máls samkvæmt byggir miðlun menningararfs arkitektúrs á þessum tveimur meginstoðum, þar sem til skoðunar er annars vegar byggingin sjálf, hinn eiginlegi listhlutur, og hins vegar margvíslegur vitnisburður um gerð hennar, sögu og tilurð, m.a. í formi teikninga, ljósmynda, líkana og texta. Að þessu leyti er grundvallarmunur á gerð safnsýninga á sviði arkitektúrs og myndlistar þar sem listaverkin sjálf mynda kjarna sýningarefnisins.

Miðlun til íslensks almennings

Fræðsla og miðlun í skólum

Forvitni um umhverfi hefst á unga aldri. Börnum er eðlislægt frá unga aldri að móta rými í kringum sig til þess að skapa skjól, næði eða öryggi. Þá er mikilvægt að geta *lesið* í umhverfið, rýnt í það og lært af.

Í *Menningarstefnu í mannvirkjagerð* er m.a. fjallað um nauðsyn þess að tengja kynningu og kennslu í hönnun og byggingarlist við aðalnámsskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla sem og gerð námsefnis sem hentar ólíkum aldurshópum með áherslu á íslensk dæmi og samhengi þeirra við umheiminn. Sett er fram hugmynd um “Móðurskóla” í byggingarlist er gæti sinnt því hlutverki „að vera frumkvöðull í uppbyggingu náms og gegna ráðgjafarhlutverki gagnvart öðrum skólum á sviði hönnunar og byggingarlistar.”

Í *Stefnu hönnunar og arkitektúrs til 2030* er eitt af fimm meginmarkmiðum „að tryggja menntun framsækinna kynslóða.” Þar segir:

Leiðir til þess að efla meðvitund og auka skilning á aðferðafræði hönnunar eru meðal annars fólgnar í að tryggja að námsefni um hönnun og arkitektúr sé aðgengilegt fyrir nemendur á mismunandi skólastigum og að kennarar hafi aðgang að símenntun og starfsþróunartækifærum sem efla þá í miðlun slíkrar fræðslu.

Í *Menningararfurinn, stefna um varðveislu og aðgengi* (2021) er vikið að kennslu í skólum með eftirfarandi orðum:

Tryggt verður að menningararfurinn í sinni víðustu merkingu sé fléttaður inn í námskrár allra skólastiga. Þessi tenging er þegar til staðar en brýnt að styrkja hana enn frekar. Slík nálgun verður að vera heildstæð og það virði sem felst í arfinum fyrir Íslendinga sem þjóð skýrt. Enginn mun ljúka námi án þess að hafa þekkingu á og tilfinningu fyrir menningararfinum.

Í *aðalnámsskrám* í leik- og grunnskóla sem og framhaldsskóla eru hugtökin læsi, sköpun, sjálfærni, heilbrigði og velferð á meðal grunnþátta menntunar. Þó koma hvergi fyrir orðin arkitektúr eða byggingarlist.

Í *Aðalnámsskrá grunnskóla* fjallar kafli 21 um List- og verkgreinar. Þar segir meðal annars að megintilgangur þessarar greina sé að „nemendur fá einstakt tækifæri til að kynnst og viðhalda eigin menningu og verklagi fyrri tíma, hlúa að menningararfleifð sinni samhliða því að kynnst öðrum menningarheimum.“ (*kafli 21.1 menntagildi og megintilgangur list- og verkgreina*). Í sama kafla segir enn fremur að „þátttaka og þjálfun í gagnrýnni umræðu um handverk og listir veitir nemendum einnig aðgang að menningarorðræðu samfélagsins. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfi sitt og tekið þátt í að móta menninguna.“

Í hæfniviðmiðum fyrir sjónlistir sem á einkum við um kennslu í myndmennt (kafli 21.6) er talað um mikilvægi menningar- og myndlæsis. „Að rýna í listaverk hjálpar okkur að skilja sögu, menningu og samfélagið í heild á sama tíma og það hjálpar okkur að eflast sem persónur.“ Þar er skerpt á mikilvægi þess að nemendur læri að lesa umhverfi sitt svo þeir skilji betur þann heim sem við búum í, út frá sjónlistum.

Undir verkgreinum er undirkaflinn Hönnun og smíði (kafli 21.11) þar sem í hæfniviðmiðum er áherslan fyrst og fremst á handverk og tækni, nýsköpun og verkfærni og segir í hæfniviðmiðum að „nemandinn öðlast einnig innsýn í heim tækninnar sem eykur skilning og eflir læsi hans á manngert umhverfi.“

Að mati viðmælanda skýrsluhöfunda, Ingibjargar Jóhannsdóttur safnstjóra Listasafns Íslands, sem jafnframt gegndi starfi skólastjóra Myndlistarskóla Reykjavíkur og Landakotsskóla um árabil, eru kröfur um kennslu í skapandi greinum of opnar og óskilgreindar í aðalnámsskrám. Það er gerð krafa um ríflegan tímafjölda til náms í skapandi greinum en svigrúm fyrir *innihald* kennslu er of mikið. Fyrir vikið verður mjög óljóst og tilviljanakennt hvað er verið að kenna á hverjum stað og stigi. Í framhaldsskólum er engar kröfur um nám í listgreinum heldur tengist það fremur sérhæfðum brautum í listnámi.

Að mati skýrsluhöfunda ætti byggingarlist að vera sérstaklega ávörpuð samhliða sjónlistum í aðalnámsskrá grunnskóla því hún er ekki síður mikilvægur hluti þess að „skilja sögu okkar, menningu og samfélag.“ Grunnþekking í menningar- mynd- og byggingarlæsi ætti að vera sérstaklega skilgreint í hæfniviðmiðum listgreina í aðalnámsskrám grunn- og framhaldsskóla. Þessu samhliða er mikilvægt að tryggja auðveldan aðgang kennara að þekkingu og námsefni um arkitektúr og byggingararf fyrir nemendur á öllum námsstigum.

Tvær bækur hafa komið út sem kennslu- og fræðsluefni í byggingarlist fyrir börn. Það eru *Byggingarlist í augnhæð* (2008) e. Guju Dögg Hauksdóttur og *Byggingarnar okkar - íslensk byggingarlistasaga fyrir börn* (2024) eftir Ölmú Sigurðardóttur. Í tengslum við þá síðarnefndu er heimasíðan www.byggingarlist.is sem er hugsuð sem stuðningur fyrir kennara í kennslu á efni sem fjallar um manngert umhverfi, hönnun, sögu, íslenskt samfélag og menningararf. Á síðunni er að finna fjölmörg verkefni og hugmyndir að kennslu í íslenskri byggingarlist fyrir börn. Nýverið kom út barnabókin *Einar, Anna og safnið sem var bannað börnum* sem fjallar um listasafn Einars Jónssonar eftir Margræti Tryggvadóttur og Lindu Ólafsdóttur.

Byggingararfurinn virðist vekja sífellt aukinn áhuga yngra fólks. Þetta má bæði merkja innan arkitektúrdeildar LHÍ en einnig á faglegum vettvangi. Þetta er mjög jákvæð þróun sérstaklega í ljósi þess að vaxandi áhyggjur eru yfir því að handverkið tengt þessum menningararfi muni hægt og rólega glatast ef áhuginn er ekki til staðar. Í samtali við viðmældendur Þjóðminjasafn Íslands kom fram að eitt af hlutverkum safnsins er að taka þátt í að viðhalda verkþekkingu og handverki. Þær bentu á mikilvægi þess að auka nýliðun í því samhengi til þess að fleiri læri tæknina og handverkið. Endurnýjun steinskífupaks á Landakotskirkju nýverið sé gott dæmi um varðveislu og viðhald handverks þar sem nýliðar voru dregnir inn í verkið til þess að læra verklagið. Eitthvað hefur verið um að handverk byggingararfsins hefur verið tekið inn í námskeið í verkmenntaskólum landsins þá tengt ákveðnum verkefnum. Þar má nefna verknámsdeildir Fjölbrautaskóla norðurlands vestra á Sauðárkróki og Iðnskólann í Hafnarfirði sem farið hafa í samstarf við Húsasafn Þjóðminjasafnsins. Í þeim verkum hafa nemendur tekist á við raunveruleg verkefni tengd viðgerðum og endurgerð bygginga í eigu Húsasafnsins sem þá hefur skaffað efnivið til verksins. Þessi samstarfsverkefni virðast tilviljanakennd og háð einstökum aðilum og áhuga þeirra. Að mati skýrsluhöfunda er hér kjörið tækifæri fyrir verkmenntanám á framhaldsskólastigi um allt land að stíga inn í slíkt samstarf með markvissum hætti og koma þannig handverkinu áfram til nýrra kynslóða.

Eins og kemur fram hér að ofan eru engar kröfur um nám í listgreinum í aðalnámsskrá framhaldsskóla heldur tengist það fremur sérhæfðum brautum í listnámi. Nokkrir framhaldsskólar bjóða upp á námsbrautir í undirbúningsnámi fyrir háskólanám í listum. Það hefur skilað ágætlega undirbúnum nemendum inn í Listaháskóla Íslands og greitt leið annara inn í háskólanám í hönnun og arkitektúr erlendis. Þó virðist sem að grunnþekking í listasögu og byggingarlistasögu sé ekki fastur liður í öllum þessum námsbrautum og mætti taka til skoðunar að mati skýrsluhöfunda.

Vettvangar miðlunar

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (MHA)

MHA sinnir fjölbreyttum miðlunarverkefnum á sviði arkitektúrs og hönnunar, bæði gegnum upplýsinga- og fréttaveitu og skilgreind verkefni. Á tímabilinu 2014-2019 gaf Miðstöðin út tímaritið *HA*, en tímarit arkitekta var eitt að þeim ritum sem voru sameinuð í *HA* með markmið um að aukna samlegð. Útgáfa *HA* var hætt vegna skorts á fjármagni. Upp frá því hefur verið rætt um að koma útgáfunni af stað á ný. Meðal annars hefur verið reifað að efna til samstarfs um útgáfu með Hönnunarsafni og Listaháskóla Íslands og samráðsfundir haldnir með aðilum sem komið hafa að útgáfu á sviðinu. Slíkt samstarf hefur ekki enn komið til framkvæmda.

Hönnunarmars, sem haldinn hefur verið árlega frá árinu 2009, hefur verið vettvangur sýninga um arkitektúr með ýmsu sniði, leiðsagnir, leikverk og samtöl ásamt hefðbundnari málþingum og fyrirlestrum á sviði byggingarlistar. Hátíðin nær til mjög breiðs hóps auk þess að vera uppskeruhátíð fagvettvangsins. *Design Talks* hefur verið metnaðarfull fyrirlestrarröð samhliða Hönnunarmars og meðal þess sem hefur verið á dagskrá eru erindi innlendra og erlendra arkitekta..

Hönnunarverðlaun Íslands hafa að markmiði að varpa ljósi á mikilvægi og gæði íslenskrar hönnunar og arkitektúrs. Frá árinu 2023 er verðlaunað er í þremur flokkum; vara, staður og verk og geta verkefni arkitekta, sem snerta á menningararfi byggingarlistar verið tilnefnd í ólíkum flokkum.

Mikilvægt er að geta þess að MHA er frábrugðin öðrum miðstöðvum skapandi greina á Íslandi, Miðstöð íslenskrar myndlistar, Tónlistarmiðstöð, Kvikmyndamiðstöð og Miðstöð íslenskra bókmennta, að því leyti að MHA er í eigu níu fagfélaga en hinar miðstöðvarnar reknar af íslenska ríkinu. Starf fagfélaganna er að mestu leyti á hendi fólks sem er að sinna félags- og sjálfböðastörfum. Fjármagn til fundarsetu um mikilvæg málefni og greiðsla fyrir vinnu félagsmanna í miðlunarverkefnum er því af skörum skammti. Þá er enginn sérfræðingur á sviði arkitektúrs sem starfar hjá miðstöðinni. Þarf því oft að beina sértækum fyrirspurnum er varða byggingarlist á Arkitektafélag Íslands eða starfandi arkitekta, sem leitast þá við að svara fyrirspurnum eins vel og kostur er.

Arkitektafélag Íslands

Arkitektafélag Íslands hefur í tímans rás sinnt útgáfu, fræðslu, miðlun og sýningahaldi um byggingarlist. Í dag á það einnig í samtali við opinbera aðila eins og HMS, starfar með framkvæmdaaðilum hönnunarsamkeppna, gerir álit við tillögur að frumvörpum og reglugerðum er varða arkitektúr og byggt umhverfi, auk fjölda annarra verkefna. Félagið á ekki eiginlegt heimili heldur leigir skrifborð í opnu rými í Grósku. Félagsmenn greiða félagsgjöld og er Aí stærsti hluthafinn í MHA með flesta félagsmenn. Í samtali Aí við skýrsluhöfunda kom fram að þar sem félagið hefur einungis eitt launað stöðugildi framkvæmdastjóra hefur reynst erfitt að sinna fyrirspurnum frá almenningi er varða húsbyggingar, byggingararfleifð ofl. Félagið hefur einnig gefið út rit um byggingarlist,

skipulagt fyrirlestraraðir og leiðsagnir um borgina. Á seinni árum hefur útgáfa dregist saman.

Sýningar og viðburðir á vegum safna

Hönnunarsafn Íslands í Garðabæ leggur sitt af mörkum við að miðla arkitektúr í gegnum sýningarhald og viðburði. Á safninu hafa verið haldnar tíðarandasýningar um íslenska hönnun þar sem einnig er fjallað um arkitektúr en einnig hafa verið settar upp sýningar um einstaka arkitekta. Í tengslum við einstakar sýningar hefur safnið staðið að fyrirlestrum um arkitektúr og manngert umhverfi og haldið smiðjur fyrir börn og unglinga um arkitektúr. Önnur söfn hafa haldið einstaka sýningar um arkitektúr og má þar nefna Hafnarborg með yfirlitssýningar á verkum Einars Þorsteins Ásgeirssonar og Guðjóns Samúelssonar og sýninguna *Vísar, húsin í húsinu*, sem er dæmi um sýningu á mörkum arkitektúrs og myndlistar. Útskriftarsýningar B.Arch og M.Arch náms í arkitektúr við LHÍ hafa um árabil verið haldnar á opinberum söfnum. Þar hefur Listasafn Reykjavíkur verið aðal samstarfsaðili en einnig Gerðarsafn. Þær sýningar standa iðulega yfir í stuttan tíma og er ókeypis aðgangur og fá mikla aðsókn á ári hverju. Þá eru sýningar á samkeppnistillögum arkitektasamkeppna algengar í opinberum söfnum, samfara gegnumgangi tillaga með dómnefnd og höfundum tillaga.

Önnur minni sýninga- og viðburðarými sem fjalla sérstaklega um arkitektúr eru listrýmin Arctic Space á Óðinsgötu¹⁷ Slökkvistöðin í Gufunesi¹⁸ og nú nýverið opnaði sýningarrýmið OF A SPACE á Óðinsgötu. Þær sýningar sem rata inn í þessi rými eru oft á tíðum meira úr grasrótinni, í samstarfi við LHÍ eða þverfaglegu samhengi arkitektúrs. Einnig skal taka fram að menningararfur byggingarlistar skapar ramma og er í sumum tilfellum viðfangsefni í kvikmyndum, leiklist, bókmenntum, myndlist og ljósmyndun.

Fjölmarginir fyrirlestrar og málþing um arkitektúr og manngert umhverfi hafa verið haldnir á vegum háskólanna LHÍ, HÍ og LBHÍ. HMS heldur einnig úti dagskrá fræðsluerinda og málþinga gjarnan í samstarfi við aðra hagaðila og með áherslu á byggingariðnað fremur en byggingarlist. Þá halda Borgarsögusafn Reykjavíkur, byggðasöfn um allt land og Íslenski bærinn í Flóa úti sýningum sem varpa ljósi á sögu byggðar og stakra bygginga. Einnig eru dæmi um að söfnin komi að útgáfu.

Miðlun í sjónvarpi og útvarpi

Sjónvarps- og útvarpsefni um íslenskan arkitektúr og manngert umhverfi sem hefur ómetanlegt gildi bæði fyrir almenning og kennslumhverfið. Af efni sem framleitt hefur verið í seinni tíð má nefna:

- o *Steinsteypuöldin* á RÚV í umsjá Péturs H. Ármannssonar og Egils Helgasonar
- o *Bæir byggjast* á RÚV í umsjá Péturs H. Ármannssonar og Egils Helgasonar
- o *Flakk* á Rás 1 í umsjá Lísu Pálsdóttur

¹⁷ <https://www.arcticspace.is/>.

¹⁸ <https://slokkvistodin.is/>

- o *Að heiman* í Sjónvarpi símans í umsjá Freys Eyjólfssonar
- o *Heimsókn* á Stöð2 í umsjá Sindra Sindrasonar
- o Pistlar um arkitektúr í *Víðsjá* á Rás 1
- o *Veggfóður*, hönnunarþáttur í umsjá Völu Matt ofl. Stöð 2
- o *Óborg*, útvarpsþættir á Rás 1 í umsjá Sunnefu Gunnarsdóttur

Stafrænir miðlar

Stafrænir miðlar gegna lykil hlutverki í allri upplýsingamiðlun í samtímanum. Varðveislu gagna á stafrænu formi hefur verið fjallað um í kafla hér að ofan. Mat skýrsluhöfunda er að vefmiðil um íslenskan arkitektúr skortir tilfinnanlega. Þar sem hægt væri að leita upplýsinga um athyglisverðar byggingar um landið allt, leita staðsetninga þeirra á korti en líka fræðast um íslenska byggingarlist almennt, verk og starfsferil arkitekta, byggingatækni, byggingarefni og sérstöðu og að byggja á Íslandi. Slíkur miðill myndi bæði nýtast almenningi en einnig verið fræðsluvettvangur fyrir kennara á öllum skólastigum, fræðimenn og leiðsögufólk. Samfélagsmiðlar eru mikilvægt tæki til miðlunar og ber ekki að vanmeta áhrifamátt þeirra. Á síðustu árum hafa sprottið upp síður á samfélagsmiðlum, haldið úti af áhugafólki sem hafa kveikt áhuga fjölmargra á íslenskri byggingarlist. Á samfélagsmiðlum eiga sér oft á tíðum stað heitustu umræðurnar um málefni líðandi stundar og arkitektúr þar engin undantekning. Umræðan sem þar fer fram einkennist oft af skautun. Hægt væri að lyfta umræðunni um manngert umhverfi á hærra plan ef byggingarlistin ætti sér vettvang á netinu þar sem fagfólk fengi greitt fyrir greinaskrif.

Alþjóðleg miðlun og samstarf

Eitt af mikilvægustu verkefnum byggingarlistarsafna og -miðstöðva felst í að svara fyrirspurnum og taka þátt í erlendum samvinnuverkefnum á sviði útgáfu og sýningargerðar. Slíkt samstarf hefur reynst Íslandi hagstætt. Það býður upp á tækifæri til að koma íslenskri byggingarlist á framfæri erlendis sem ógerlegt væri nema með ærnum kostnaði. Má sem dæmi nefna farsælt samstarf við Arkitektasafn Finnlands við gerð sýninga og Tækniháskólann í Mílanó við undirbúning bókarinnar 100 Houses for 100 European Architects. Fyrir stofnun byggingarlistadeildar Listasafns Reykjavíkur var enginn aðili sem sinnt gat slíkum erindum.

Árlega kemur fjöldi arkitektaskóla erlendis til Íslands til að kortleggja sérstöðu landsins og sambúð Íslendinga með landinu, sem gegnum söguna hefur myndað einstaka byggingarlist og landnotkunarmynstur. Sömuleiðis koma hingað starfshópar og félög arkitekta, ásamt þeim hundruðum milljónum almennra ferðamanna sem þyrstir að kynna sér íslenska byggingarlist. Íslenskur arkitektúr er erlendum gestum og fræðasamfélagi hins vegar hulinn heimur og þegar leitað er eftir upplýsingum og gögnum er nánast komið að tómunum kofanum. Í því samhengi má nefna að engin bók um íslenskan arkitektúr til almennrar notkunar er til á ensku, fyrir utan tvo leiðarvísa sem voru útgefnir fyrir aldarfjórðung. Síðan þá hefur fjöldi þeirra sem sækja Ísland heim á ári hverju tífaldast. Einnig hafa snjallsímar og fræðslusíður eins og Wikipedia komið til sögunnar. Hér er því

til mikils að vinna og hægt að bæta verulega úr hvað viðkemur kynningu á íslenskum arkitektúr til þeirra sem sækja Ísland heim. Áhuginn er til staðar. Og á eftir að aukast.

Athafnir fólks sem vill kynna sér íslenskan arkitektúr ráðast annars vegar af fyrir fram mótuðum hugmyndum um hvað það ætlar sér áður en það kemur og hins vegar af framboði þegar það er komið. Í hvoru tilfelli gegnir verndun, miðlun og rannsóknir lykilhlutverki í að beina athygli fólks að því sem unnendur arkitektúrs telja athyglinnar virði, ekki bara til að gera upplifun þeirra sem besta, heldur til þess að gera þessum mikilvæga hluta menningarinnar, sem um leið er svo þétt bundin upplifun ferðamannsins á landinu, hátt undir höfði.

Ýmsar stofnanir sinna kynningu og miðlun íslenskrar byggingarlistar og hefur verið greint frá þeim í köflunum hér að ofan. Þessi kafli fjallar um *erlent* samstarf og kynningu og mun nefndin leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

Hver er tengiliður vegna almennra erlendra verkefna á sviði arkitektúrs (þáttagerð, sýningar, útgáfa)?

Hver sér um að taka á móti fyrirspurnum utan úr heimi vegna mála sem lúta að erlendu samstarfi og kynningu?

Hver mótar heildræna stefnu um samstarf við erlend arkitektasöfn og miðstöðvar?

Hver sér um miðlun þekkingar um íslenskan arkitektúr á netinu?

Hver svarar tilfallandi fyrirspurnum um íslenskan arkitektúr?

Hver er snertiflötur ríkisins við áhugasama erlenda einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki sem óska sér að kynna sér íslenska byggingarlist?

Tengiliður vegna erlendra miðlunarverkefna á sviði arkitektúrs

Á heimasíðu MHA segir að miðstöðin gegni því hlutverki að „kynna íslenska hönnun og arkitektúr hér á landi og erlendis.“ Hún „veitir ... erlendum samstarfsaðilum og fjölmiðlum þjónustu og ráðgjöf varðandi málefni hönnunar á Íslandi“ og tekur á móti „fjölda [...] erlendra gesta og blaðamanna og þar er þróuð sú mynd sem opinberir aðilar birta af íslenskri hönnun.“ Jafnframt segir þar að hún vinni „að fjölda samstarfs- og kynningarverkefna á Íslandi og erlendis svo sem gerð hönnunarstefnu.“

MHA sinnir samstarfi með erlendum stofnunum um stærri samstarfsverkefni sem reifuð eru á heimasíðunni. Til dæmis heldur hún utan um reglulegar tilnefningar Íslands til Mies van der Rohe verðlaunanna og tekur þátt í aðkomu að ráðstefnum og öðrum viðburðum, eins og t.d. skipulagningu Norræna skálans á arkitektaráðstefnunni UIA2023 sem fram fór í Kaupmannahöfn 2023. Skýrsluhöfundar fagna þessu góða starfi, um leið og þeir leggja áherslu á að það sé styrkt og fest í sessi. Þetta má gera með því að formgera tilnefningar Íslands til Mies Van der Rohe verðlauna enn frekar með því að greiða dómnefnd laun. Annað sem ekki hefur fallið undir væng MHA varðar miðlun á

sérfræðipækkingu um byggingarlist til erlendra sérfræðinga, t.d. í tengslum við sýningagerð, þáttagerð og útgáfu. MHA var árið 2024 falin umsjón með þátttöku Íslands í Feneyjartvíæringi í arkitektúr og ýtir það enn undir mikilvægi þess að miðstöðin hafi yfir að ráða stöðugildi með sérhæfingu í arkitektúr og menningararfi byggingarlistar.

Erlent samstarf og kynning

Einn stærsti miðlunarvettvangur í arkitektúr á alþjóðavísu er Feneyjartvíæringurinn í arkitektúr, sem er haldinn annað hvert ár, á móti tvíæringnum í myndlist. Hann byggir á framlögum frá þjóðum heims í sérstökum þjóðarskálum annars vegar og sjálfstæðri sýningu undir stjórn sýningarstjóra hins vegar. Ábyrgð á þátttöku er á höndum stjórnvalda þátttökuríkja.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði starfshóp, 8. október 2019, til þess að undirbúa mögulega þátttöku Íslands í Feneyjartvíæringnum í arkitektúr. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar frá Arkitektafélagi Íslands, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, utanríkisráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Kórónaveiran frestaði áformum um nokkra hríð en á ársfundi MHA vorið 2023 tilkynnti Lilja D. Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, að liður í aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúr yrði að tryggja þátttöku Íslands í Feneyjartvíæringnum: „Þetta er mikilvægt skref og langþráður draumur margra. Íslenskur arkitektúr er á heimsmælikvarða og við höfum sögur að segja – þátttaka á þessu stærsta sviði alþjóðlegrar byggingalistar mun bæði vekja athygli út á við og en ekki síður styrkja hönnunargeirann inn á við. Þarna er einstakt tækifæri til þess að varpa ljósi á stöðu og gæði íslensks arkitektúrs, tengja okkur enn betur inn í alþjóðlega umræðu og rannsóknir og stuðla að auknu samstarfi þvert á mannvirkjageirann.“ Eftir langan aðdraganda, undirbúning hóps úr fagstétt arkitekta og eftirfylgni MHA var það að „tryggja þátttöku Íslands í Feneyjartvíæringnum í arkitektúr“ að veruleika. Í kjölfarið var MHA falið af menningar- og viðskiptaráðuneytinu að vera umsjónaraðili þátttöku Íslands á Feneyjartvíæringnum í arkitektúr árið 2025. Í gildandi Hönnunarstefnu kemur jafnframt fram að væntanlegur ávinningur af þátttöku Íslands á Feneyjartvíæringnum í arkitektúr sé:

Að stuðla að samstarfi og samtali þvert á mannvirkjageirann og tengja saman arkitekta, hönnuði, fjárfesta og framkvæmdaaðila sem og aðra þá aðila er vinna á sviði hins manngerða umhverfis.

Að tengjast alþjóðlegri umræðu og rannsóknum í arkitektúr og verða þess betur áskynja hverjir styrkleikar, veikleikar íslensks arkitektúrs eru, hvar eru tækifæri til sóknar og hvað þarf að bæta auk þess að skila nýrri þekkingu til alþjóðasamfélagsins.

Að efla menntun, rannsóknir og þróun í íslenskum arkitektúr með því að tengja þátttökuna við rannsóknarverkefni og mennta- og rannsóknarstofnanir. Og þar með að dýpka þekkingu og rannsóknir á manngerðu umhverfi.

Að efla um innlenda umræðu og umfjöllun um arkitektúr.

Að vekja athygli á stöðu og gæðum íslensks arkitektúrs á alþjóðlegum vettvangi.

Ofangreind atriði eru snertifletir við menningararf byggingarlistar. Til þess að væntanlegur ávinningur verði að veruleika og vaxi og dafni, er nauðsynlegt að skilgreina nánar ábyrgð og hlutverk þeirra sem taka utan um samfellda starfsemi er varðar erlent samstarf og kynningu byggingarlist, þ.m.t. menningararfi byggingarlistar. Mikilvægt er að tryggð verði að fagsjónarmið og sérþekking á viðfangsefninu sé leiðandi í þeirri starfsemi.

Samstarf við erlend arkitektasöfn og miðstöðvar

MHA er í samstarfi við erlendar hönnunar og arkitektúrmiðstöðvar, sér í lagi Norrænar. Á ársþingi arkitekta í Kaupmannahöfn árið 2023 var kynnt áætlun um nánara samstarf Norrænu arkitektúrmiðstöðvanna og eflingu samstarf þeirra á norðurslóðum í samstarfi við Grænland og Færeyjar. Þar eru ekki með starfandi arkitektúrmiðstöðvar og þarf því að finna leiðir til að efla samstarfið gegnum aðrar tengiliði.

Miðlun þekkingar um íslenskan arkitektúr á netinu og á prenti

MHA sinnir vel þeim hluta sem snýr að samfélagi hönnuða og arkitekta í samtímanum en íslenskur arkitektúr er útlendingum og erlendu fræðasamfélagi hulinn heimur. Þar má nefna að engin bók um íslenskan arkitektúr til almennrar notkunar er til á ensku, fyrir utan tvo leiðarvísa sem voru útgefnir fyrir aldarfjórðung. Síðan þá hefur fjöldi þeirra sem sækja Ísland heim á ári hverju tífaldast, en einnig hafa snjallsímar og fræðslusíður eins og Wikipedia komið til sögunnar.

Undanfarinn áratug hafa verið gefnar út þrjár bækur um íslenska arkitektúrsögu eftir erlenda sérfræðinga, tvær á ensku og ein á þýsku. Engin þeirra verið þýdd yfir á íslensku og engin þeirra er til í íslenskum bóka- eða safnabúðum. Þörf er að bretta fram úr ermunum í þeim efnum.

Hver svarar tilfallandi fyrirspurnum um íslenskan arkitektúr?

Hver er snertiflötur ríkisins við áhugasama erlenda einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki sem óska sér að kynna sér íslenska byggingarlist?

Mikilvægi

Sérstaða arkitektúrs í samanburði við aðrar listgreinar annars vegar og hönnun og verkfræði hins vegar er ótvíræð. Fá önnur þekkingarform sameina þessi svið jafn ríkulega. Menningararfur arkitektúrs gefur okkur einstakan aðgang að þekkingu, heimsmynd, hugmyndum og hæfni þeirra sem byggðu hann. Um leið eykst sífellt mikilvægi þess að geta lesið í byggt umhverfi, hús og önnur mannvirki og staðbundið samhengi. Það er forsenda þess að samfélagið sé í stakk búið að leggja mat á gildi þess sem er til staðar og gera kleift að byggja hugvitsmlega á því til framtíðar.

Áskoranir

Stærstu áskoranirnar í miðlun á menningararfi í arkitektúr eru:

1. “Móðurstofnun” sem miðlar arkitektúr til almennings á Íslandi og erlendra aðila, annast upplýsingagjöf og kynningu á öllu er tengist íslenskum arkitektúr og heldur utan um erlent samstarf, skortir.
2. Aðgengi að upplýsingum, bókum, sýningum um íslenskan arkitektúr er ekki tryggt og hlutverk og ábyrgð gagnvart því verkefni er ekki skilgreint í íslenskri stjórnsýslu.
3. Kennsla í læsi á byggðu umhverfi, sögu, eðli og áhrifum arkitektúrs skortir í íslensku skólakerfi.
4. Byggingarlist hefur ekki öðlast þann sess í opinberu menningarlífi þjóðarinnar og þar með stjórnsýslu- og stofnanastrúktúr, sem vert væri.
5. Umfjöllun um byggingarlist í ríkisútvarpi, ríkissjónvarpi og öðrum fjölmiðlum er stopul, og vert að efla umfjöllun og þáttagerð á markvissan hátt til lengri tíma og þá ekki sem stakir þættir, þótt það geti verið mikilvæg fræ og hluti af stærri heild.

Sviðsmyndir

1. Tryggja að byggingarlist sé ávörpuð í hæfniviðmiðum sjónlista í aðalnámskrá grunnskóla.
2. Stofna til sérstakrar námsleiðar í verkmenntaskólum með áherslu á handverk íslensks byggingararfs, t.d. tengt námi í húsasmíði.
3. Opinber miðstöð/safn sem hýsir íslenska byggingarlist.
 - 2-3 stöðugildi sérfræðinga á sviði byggingarlistar með reynslu í miðlun og kynningu og sem þekkja erlendan byggingarlistarvettvang vel.
 - fastasýning um íslenska byggingarlist
 - erlendar farandsýningar (í samvinnu við önnur söfn)
 - Sýningar á niðurstöðum samkeppna
 - leiðsagnir fyrir námsmenn, ferðamenn
 - dagskrá/smiðjur fyrir skólahópa ólíkra skólastiga
 - viðburðir Menningarnótt / Hönnunarmars
 - fræðslugöngur
 - fyrirlestrar með alþjóðlegum gestum / samstarf við LHÍ – AÍ ofl.
 - Upplýsingamiðlun vegna ferðaþjónustu / leiðsögumenntunar
4. Fjármagna stöðugildi sérfræðings á sviði arkitektúrs hjá MHA.
5. Átak í fræðslu um arkitektúr á opinberum stöðum;
 - Smáforrit eða QR kóði með „fróðleik um bygginguna“ hvort sem um ræðir söfn, sjúkrahúsbyggingu, alþingishúsið eða aðrar byggingar.
 - Leiðsögukort um íslenskan arkitektúr
6. Átak í stafrænni skrásetningu og miðlun
 - Heimasíða um íslenskan arkitektúr þar sem bæði væri að finna fróðleik og upplýsingar en einnig greinaskrif um málefni líðandi stundar

- Gera aðgengilegt efni og upplýsingar fyrir miðlun í dagskrárgerð og útgáfu
 - Skrásetja þekkingu um íslenskan arkitektúr á netinu (Wikipedia)
 - Stofna stafrænan myndabanka um íslenskan arkitektúr
7. Efla umfjöllun um arkitektúr í útvarpi / sjónvarpi RÚV
 8. Bók um íslenskra byggingarlist frá upphafi til okkar tíma áþekk bókunum í seríunni *Modern Architectures in History*, sem væri hægt að þýða og gefa út á íslensku sem kennsluefni í háskólum.

6. Hvar á menningararfur byggingarlistar heima?

Inngangur

Í greinargerð um tilurð, stöðu og framtíð byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur (Bld) frá 2011 frá kemst höfundur að þeirri niðurstöðu að ráðstöfun safneignar hennar snúist ekki einungis um að finna geymslu fyrir menningarverðmæti. „Markmiðið er að finna þá lausn sem líklegust er til að auka veg byggingarlistar hér á landi, með því að safneignin nýtist sem best til rannsókna og miðlunar. Að mati skýrsluhöfunda þurfa eftirtalin lágmarksskilyrði að vera uppfyllt til að unnt sé að stofna til safns eða miðstöðvar á sviði arkitektúrs, byggt á þeirri reynslu sem fékkst af rekstri Bld á árunum 1993-2011:

1. Að tryggð sé fjárveiting fyrir rekstarkostnaði auk stöðugilda fyrir starfsfólk með sérmenntun á sviði arkitektúrs sem hefur umsjón með miðlun, upplýsingargjöf, umsjón með varðveislu og skráningu safneignar auk þess að mynda tengslanet og eiga aðkomu að verkefnum á sviði rannsókna og viðburða, sjálfstætt og/eða í samvinnu við aðra aðila, innanlands og erlendis.
2. Að fyrir hendi sé traust og aðgengilegt geymsluhúsnaði með viðeigandi hillubúnaði, muna- og skjalageymsla sem uppfyllir kröfur um öryggi vegna bruna- og lekahættu, auk vinnuáðstöðu fyrir fasta starfsmenn og fleiri vegna tilfallandi verkefna.
3. Að arkitektúr sé sjálfstæður og áberandi þáttur í starfsemi viðkomandi safndeildar/miðstöðvar og fái notið sín á eigin faglegu forsendum. Tryggt sé að stjórnendur hafi metnað og skilning á sérstöðu greinarinnar og að það álit sé staðfest í samþykktum og/eða lögum um viðkomandi stofnun.
4. Að safndeildin /miðstöðin hafi aðgang að rými innan stofnunar fyrir sýningar, fyrirlestra, málþing og aðra viðburði. Því til viðbótar væri föst yfirlitssýning um íslenskan arkitektúr, sniðin að þörfum safnakennslu og sem aðdráttarafl fyrir ferðafólk, mikilvægt framlag til miðlunar á arkitektúr. Slík sýning gæti verið sjálfstæð eining eða verið hluti af samþættri sýningu með öðrum greinum hönnunar og sjónlista.

Hér á eftir eru kynntar fimm sviðsmyndir um hvernig standa meggi að varðveislu, rannsóknum og miðlun menningararfs arkitektúrs bæði innan eða utan núverandi stofnana- og safnaumhverfis. Jafnframt hafa skýrsluhöfundar lagt gróft mat á kosti og galla mismunandi sviðsmynda.

Sjálfstætt safn / miðstöð á sviði arkitektúrs

Tækifæri :

Arkitektúr fær notið sín til fulls á eigin faglegu forsendum

Faglegt sjálfstæði í rannsóknum, varðveislu og miðlun

Aðsetur í merku húsi frá sjónarhóli arkitektúrs gæti skapað sjálfstæða ímynd

Skýrt hlutverk lykill að skilvirknu samstarfi við stofnanir innanlands og utanlands

Varða í stjórnsýslu og stofnanakerfi

Áskoranir / forsendur :

Byggja þarf upp nýja stofnun frá grunni

Takmarkaðir möguleikar á samnýtingu húsnæðis og stoðþjónustu

Óhagkvæmari og viðkvæmari rekstrareining

Hætta á faglegri einangrun og/eða þröngri sýn

Áhersla stjórnvalda er á fáar og öflugar stofnanir á vegum hins opinbera

Arkitektúr sem hluti af Hönnunarsafni Íslands

Tækifæri :

Hönnun og arkitektúr eru skyldar greinar

Sambærilegt söfnunarsvið og fagleg sýn

Teikningar og önnur gögn tengd arkitektúr nú þegar hluti af safneign Hönnunarsafns

Samlegðaráhrif í varðveislu, rannsóknum og miðlun

Auðveld samnýting geymslu-, vinnu- og sýningaraðstöðu

Tækifæri til samþættrar sýningargerðar

Nærtækur kostur til að vista menningararf arkitektúrs

Áskoranir / forsendur :

Safnið starfar á landsvísu og eðlilegt er að það sé alfarið rekið af opinberu fé

Breyta þarf samþykktum, festa í löggjöf og helst á fjárlög

Tryggja viðbótar fjármögnun og treysta rekstargrundvöll

Stofna þarf a.m.k tvö ný stöðugildi fyrir starfsmenn með sérþekkingu á arkitektúr

Núverandi húsnæði þarf að bæta og auka við til að taka við nýju söfnunarsviði

Opna þarf fyrir breytingar á rekstrarfyrirkomulagi með auknu opinberu framlagi

Breyta þarf nafni safnsins þannig að arkitektúr verði hluti af nafninu

Arkitektúr sem hluti af Listasafni Íslands

Tækifæri :

Snertifletir ólíkra greina sjónlista

Áhugaverðar listsögulegar tengingar í sýningargerð og miðlun

Öflug stoðþjónusta og sérþekking, m.a. forvarsla og safnfræðsla í núverandi safni

Hluti af núverandi sýningarhúsnæði Listasafns Íslands hefur hátt gildi sem byggingarlist

Arkitektúr (og hönnun) yrðu hluti af framtíðarsýn um þjóðlistasafn

Áskoranir / forsendur :

Kallar á aukið varðveislu- og sýningarhúsnæði núverandi safns

Breyta þarf samþykktum og auka rekstrarfé safnsins

Stofna þarf a.m.k tvö ný stöðugildi fyrir starfsmenn með sérþekkingu á arkitektúr

Hætta á að greinin týnist eða verði jaðarsett í starfseminni

Arkitektúrsafn sem hluti af Þjóðminjasafni Íslands

Tækifæri :

Samnýting starfsfólks og faglegrar sérþekkingar með Húsasafni

Mikil efling fyrir Húsasafnið að fá arkitektúrsviðið eft í safninu

Sérstaða Þjóðminjasafns sem miðstöð sérþekkingar á íslenskum torfhúsaarfi

Arkitektúrsafn gæti verið sérsafn innan Þjóðminjasafns, líkt og Ljósmyndasafn Íslands

Öflug stoðþjónusta og sérþekking á safnamálum, m.a. forvarsla og safnfræðsla

Áskoranir / forsendur :

Ólíkar faglegar forsendur

Breyta þarf samþykktum og auka rekstrarfé safnsins

Stofna þarf a.m.k. tvö ný stöðugildi fyrir starfsmenn með sérþekkingu á arkitektúr

Hætta á að greinin týnist eða verði jaðarsett í starfseminni

Áhersla Þjóðminjasafns er á menningararf fortíðar fremur en arkitektúr samtímans

Spurning um sýningaraðstöðu

Ekki augljós staður til að miðla samtímaarkitektúr

Arkitektúr verði veigameiri í starfsemi Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs

Tækifæri :

Hönnun og arkitektúr eru skyldar greinar

Sambærileg fagleg sýn varðandi miðlun og möguleiki á skapandi starfsumhverfi

Samnýting skrifstofu- og fundaraðstöðu

Miðlunarþáttur nýtur góðs af tengslaneti MHA innanlands og utan

Efling miðlunarverkefna arkitektúrs sem þegar eru í umsjón MHA

Áskoranir / forsendur :

Núverandi innviðir og rekstrarforsendur MHA eru veikar

Hið opinbera þarf að ábyrgjast rekstur MHA

Miðstöðvar á borð við MHA leggja frekar áherslu á samtímann en sögulegan arf

Varðveisla og rannsóknir eru ekki skilgreind hlutverk MHA

Hætta á að varðveislu- og rannsóknarþátturinn verði útundan

Stofna þarf a.m.k. tvö ný stöðugildi fyrir starfsmenn með sérþekkingu á arkitektúr

Engin varðveislu- og sýningaraðstaða í núverandi húsnæði

Ekkert viðmót við almenning, enginn staður að tengja við nema í tengslum við viðburði

Miðstöð fyrir samstarf ólíkra stofnana

Tækifæri :

Rannsóknir hjá Listaháskóla Íslands

Varðveisla hjá Hönnunarsafni, Þjóðskjalasafni og Þjóðminjasafni

Miðlun hjá Hönnunarsafni, Listasafni Íslands og öðrum söfnum

Kynningarstarf hjá MHA

Áhersla stjórnvalda er á fáar og öflugar stofnanir á vegum hins opinbera

Áskoranir / forsendur :

Nauðsynlegur hluti sviðsmyndar er móðurmiðstöð sem samhæfir og tengir aðila saman

Engin aðstaða fyrir hendi fyrir þá móðurmiðstöð

Byggja þarf upp nýja stofnun frá grunni

Takmarkaðir möguleikar á samnýtingu húsnæðis og stoðþjónustu

Rannsóknir og varðveisla yrðu jaðarsett

Hátt flækjustig, flókin samskipti og verkaskipting

Stofna þarf a.m.k. tvö ný stöðugildi fyrir starfsmenn með sérþekkingu á arkitektúr

7. Samantekt

Arkitektúr hefur enn ekki öðlast þann sess í opinberu menningarlífi hér á landi sem vert væri og líkt og tíðkast hjá öðrum þjóðum, þar sem arfleifð byggingarlistar er talin veigamikill þáttur í menningu hvers lands. Varðveisla, miðlun og rannsóknir á menningararfi arkitektúrs eiga sér engan stað í löggjöf og stofnanakerfi íslenska ríkisins. Sem sjálfstæð fræðigrein hefur arkitektúr ekki verið hluti af af íslensku háskóla- og fræðasamfélagi þar til nýverið er hafin var kennsla á meistarastigi við Listaháskóla Íslands. Á sama tíma styrkir hið opinbera söfn og miðstöðvar með séhæfðri vinnuaðstöðu og fagmenntuðu starfsfólki sem sinnir menningararfi tónlistar, myndlistar, bókmennta, hönnunar, sviðslista og kvikmynda. Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (MHA) sem í dag fer með það hlutverk að miðla og kynna hönnun og arkitektúr er frábrugðin öðrum miðstöðvum skapandi greina að því leyti að MHA er í eigu nýu fagfélaga á meðan hinar miðstöðvarnar eru reknaðar alfarið eða af hluta af íslenska ríkinu.

Hér á landi var starfrækt sérhæfð byggingarlistardeild við Listasafn Reykjavíkur um átján ára skeið, frá 1993 til 2011, með einu föstu stöðugildi og rekstrarfé sem alfarið var kostað af einu sveitarfélagi. Starfsemi deildarinnar vakti verðskuldaða athygli á sínum tíma og á hennar vegum voru stigin mikilvæg skerf í miðlun og varðveislu teikninga og annarra heimilda um menningararfi arkitektúrs á Íslandi, einkum á 20. öld. Illu heilli ákvað Listasafn Reykjavíkur að hætta rekstri deildarinnar árið 2011 og á þeim tímapunkti var engin safnastofnun eða miðstöð á vegum ríkisins reiðubúin að taka við því hlutverki svo sem eðlilegt hefði verið. Þetta varð til þess að safneign deildarinnar sundraðist og mikilvæg sérþekking og undirbúningsvinna tapaðist sem ella hefði nýst til frekari uppbyggingar.

Í ljósi smæðar samfélagsins kann að vera óraunhæft að safn eða miðstöð á sviði arkitektúrs verði byggt upp sem ný, sjálfstæð stofnun í eigin húsnæði. Samstarf safnastofnana virðist raunhæfari lausn og býður upp á ýmsa kosti, sé vel að undirbúningi staðið. Frumskilyrði er þó að byggingarlistin verði „engin hornkerling“ heldur verði tryggt að hún fái notið sín á eigin forsendum með sérhæfðu starfsfólki og faglegri sýn og þætti hennar í íslenskri menningu og listum þannig gerð verðug skil.

Af þeim sviðsmyndum sem starfshópurinn tók til greiningar virðist nærtækast sem fyrsta skref að varðveislu, miðlun og rannsóknum á menningararfi arkitektúrs að það verði formlega skilgreint sem hluti af starfsemi Hönnunarsafns Íslands. Í því sambandi má margt læra af þeirri reynslu sem fékkst af rekstri Byggingarlistardeildar á sínum tíma. Ljóst er að auk fjárveitinga til rekstrar og stöðugilda þarf að bæta og auka við húsnæði Hönnunarsafnsins til að arkitektúr geti orðið hluti að lögbundnu söfnunarsviði þess. Í ljósi þess að safnið sinnir menningararfi hönnunar fyrir allt landið er nauðsynlegt að rekstur safnsins verði alfarið kostaður af framlagi ríkisins fremur en með stuðningi eins sveitarfélags.

Til lengri framtíðar má sjá fyrir að sérhæft safn á sviði arkitektúrs og hönnunar sameinist Listasafni Íslands sem hluti af nýju þjóðlistasafni með svipuðum hætti og gert hefur verið t.a.m. í Noregi, þar sem öllum greinum sjónlista er miðlað á vettvangi einnar, öflugrar stofnunar. Í Noregi er einnig öflug miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Vert er að

efla starfsemi MHA varðandi kynningu og miðlun á sviði arkitektúrs samfara því að skilgreina formlega umgjörð byggingarlistarinnar innan safnastofnunar.

Að arkitektúr fái sinn samastað í íslenskri löggjöf, stjórnsýslu og stofnanastrúktúr er forsenda þess að gera þætti byggingarlistar í íslenskri menningu þeim skil sem henni ber. Aðeins á þann hátt er tryggt að framtíðarkynslóðir geti sótt í brunn menningararfs byggingarlistarinnar, sem er *byggingarefni framtíðarinnar*.